



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun á Íslandi

Áherslur, staða og framvinda

Karen Jónasdóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2020

Innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun á Íslandi

Áherslur, staða og framvinda

Karen Jónasdóttir

12 eininga lokaverkefni sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi nútímafræði

Leiðbeinandi
Jón Haukur Ingimundarson

Félagsvísingadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2020

Titill: Innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun á Íslandi

Stuttur titill: Áherslur, staða og framvinda

12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í nútímafræði.

Höfundarréttur © 2020 Karen Jónasdóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Karen Jónasdóttir, 2020, B.A. verkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 62 bls.

Akureyri, maí, 2020

Yfirlýsing

„Ég lýsi því hér með yfir að ég er einn höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna.“

Karen Jónasdóttir

„Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfur til B.A.-prófs við Hug og félagsvísindasvið.“

Jón Haukur Ingimundarson

Útdráttur

Sameinuðu þjóðirnar eru mikilvægur vettvangur í öllu alþjóðlegu starfi ríkja. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun er alhliða ákall til aðgerða með það að forgrunni að binda enda á fátækt, vernda náttúru jarðar og tryggja að allir njóti friðar og hagsældar fyrir árið 2030. Ísland hefur unnið markvisst að innleiðingu heimsmarkmiðanna bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi. Sérstök verkefnastjórn var stofnuð til að sjá um innleiðinguna hér á Íslandi og ákveðin forgangsmarkmið stjórnvalda hafa verið sett. Verkefnastjórnin hefur farið af stað með ýmis verkefni til að vekja athygli á markmiðunum, hvetja stofnanir, fyrirtæki jafnt sem almenning til þátttöku og gert fræðandi upplýsingar aðgengilegar á alþjóðanetinu. Litið verður til ferlisins að fyrstu landsrýnikynningu Íslands fyrir Sameinuðu þjóðunum sem og það kynningarefni sem sett hefur verið fram. Markmið þessarar ritgerðar er að skoða innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi það sem af er að þriðjung gildistíma þeirra. Áherslur, helstu áskoranir og framvinda innleiðingarinnar verða til skoðunar, rýnt verður í hvert heimsmarkmið út frá íslensku sjónarhorni og þeirrar samvinnu sem efnt hefur verið til við ýmsa aðila samfélagsins. Leitast verður eftir að gera einskonar yfirlit um innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi fram til ársins 2020.

Abstract

The United Nations is one of the world's most important forums for all nations. The United Nations' Sustainable Development Goals are a universal call for action, foregrounding the importance of ending poverty, protecting the environment and ensuring peace and prosperity for all by the year 2030. Iceland has worked systematically to implement the United Nations Sustainable Development Goals, both domestically and internationally. A special project committee was established to oversee the implementation in Iceland and certain government priorities have been set. The committee has embarked on various projects to raise awareness of the goals, encourage organizations, companies as well as the public to participate. Information has been made accessible for everyone through the internet in Icelandic. The process leading up to Iceland's first Voluntary National Review will be examined as well as promotional material. This thesis aims to summarise the implementation of the goals so far in Iceland as the first third of its duration has passed. The emphases, challenges and progression leading up to 2020 will be examined from the Icelandic perspective as well as the cooperation that has been established with various members of the community.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til BA prófs í nútímafræði við Háskólann á Akureyri og er umfang hennar metið til 12 ECTS eininga. Leiðbeinandi verkefnisins var Jón Haukur Ingimundarson dósent í mannfræði og norðurslóðafræði. Ég vil þakka honum kærlega fyrir gagnlegar ábendingar og góða leiðsögn. Einnig vil ég þakka Helga Helgasyni fyrir yfirlestur ritgerðarinnar og góðar ábendingar. Að lokum vil ég koma á framfæri sérstökum þökkum til fjölskyldu minnar fyrir traustan stuðning í gegnum námið.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Sameinuðu þjóðirnar og heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun	3
2.1	Saga Sameinuðu þjóðanna í stuttu máli	3
2.2	Ísland sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna.....	4
2.3	Upphaf hugtaksins <i>sjálfbær þróun</i> og þúsaldarmarkmiðin.....	5
2.4	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.....	6
3	Upphaf innleiðingar heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun á Íslandi	11
3.1	Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	11
3.2	Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna	13
3.3	Markaðsherferð, verkefni og sýnileiki	15
4	Forgangsröðun heimsmarkmiðanna á Íslandi	17
4.1	Tillögur verkefnastjórnar um forgangsröðun markmiðanna	17
	<i>SKIPTING FORGANGSMARKMIÐA EFTIR VETTVANGI</i>	<i>19</i>
4.2	Helstu áskoranir og áherslur hvers heimsmarkmiðs hjá íslenskum stjórnvöldum.....	22
	<i>MARKMIÐ 1 – ENGIN FÁTÆKT.....</i>	<i>22</i>
	<i>MARKMIÐ 2 – EKKERT HUNGUR</i>	<i>23</i>
	<i>MARKMIÐ 3 – HEILSA OG VELLÍÐAN</i>	<i>23</i>
	<i>MARKMIÐ 4 – MENNTUN FYRIR ALLA</i>	<i>24</i>
	<i>MARKMIÐ 5 – JAFNRÉTTI KYNJANNA.....</i>	<i>25</i>
	<i>MARKMIÐ 6 – HREINT VATN OG HREINLÆTISAÐSTADA.....</i>	<i>25</i>
	<i>MARKMIÐ 7 – SJÁLFBÆR ORKA.....</i>	<i>26</i>
	<i>MARKMIÐ 8 – GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR.....</i>	<i>27</i>
	<i>MARKMIÐ 9 – NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING</i>	<i>27</i>
	<i>MARKMIÐ 10 – AUKINN JÖFNUÐUR.....</i>	<i>28</i>
	<i>MARKMIÐ 11 – SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG.....</i>	<i>29</i>
	<i>MARKMIÐ 12 – ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</i>	<i>29</i>
	<i>MARKMIÐ 13 – AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM.....</i>	<i>30</i>
	<i>MARKMIÐ 14 – LÍF Í VATNI.....</i>	<i>31</i>
	<i>MARKMIÐ 15 – LÍF Á LANDI.....</i>	<i>31</i>
	<i>MARKMIÐ 16 – FRÍÐUR OG RÉTTLÆTI.....</i>	<i>32</i>
	<i>MARKMIÐ 17 – SAMVINNA UM MARKMIÐIN.....</i>	<i>32</i>
4.3	Mælikvarðar, sjálfbærnisvar og tölfræði	33

5	Samstarfsverkefni og samvinna við hagsmunaaðila	37
5.1	Sveitarfélög.....	37
5.2	Fyrirtæki	39
5.3	Félagasamtök	39
5.4	Norrænt samstarf.....	39
6	Landsrýni og kynning 2019	41
7	Kópavogsbær	45
8	Niðurlag.....	47
	Heimildaskrá	51
	Viðauki 1 – Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.....	55
	Viðauki 2 – Forgangsmarkmið Íslands.....	57

Myndayfirlit

<i>Mynd 1:</i> Merki heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna	8
<i>Mynd 2:</i> Tenging forgangsmarkmiða við meginflokka stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar	18
<i>Mynd 4:</i> Fjöldi mælikvarða sem hvíla á skilgreindri og óskilgreindri aðferðafræði.....	34
<i>Mynd 5:</i> Skipting mælikvarða með skilgreinda aðferðafræði eftir stöðu gagnasöfnunar.....	35

Töfluyfirlit

Tafla 1: Skipting forgangsmarkiða eftir vettvangi 20

1 Inngangur

Umræðan um sjálfbæra þróun hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Svo virðist sem mannkynið sé að ganga of harkalega á auðlindir jarðar og fyrir vikið spilla fyrir komandi kynslóðum. Þessi þróun er fyrir augum okkar alla daga, loftslagsbreytingar hafa nú þegar haft áhrif á daglegt líf allra jarðarbúa og setja svip sinn á okkar nánasta umhverfi. Við sjáum fjölda líftegunda í útrýmingarhættu, skort á ýmsum nauðsynjavörum og vatni, hækkandi sjávarmál, fólksflutninga og átök svo að fátt eitt sé nefnt. Með aukinni þekkingu höfum við náð að rannsaka þessar breytingar betur heldur er áður en þörf er á markvissum aðgerðum til að snúa við þessari uggvænlegu þróun.

Einn sterkasti sameiginlegi vettvangur allra ríkja í heiminum er Sameinuðu þjóðirnar (SP). Samtökin gegna mikilvægu hlutverki í alþjóðatengslum til að viðhalda alþjóðlegum friði og öryggi, vernda mannréttindi, veita mannúðaraðstoð, halda uppi alþjóðlegum lögum og stuðla að sjálfbærri þróun. Með þetta að leiðarljósi var unnið að alþjóðlegum markmiðum sem allar þjóðir gætu hjálpast að með að ná til að skapa betri framtíð fyrir komandi kynslóðir. Árangur vinnunnar eru *heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun* sem tóku gildi árið 2015 og verður unnið að til ársins 2030. Ísland sem aðildarríki SP hefur skuldbundið sig til að vinna markvisst að markmiðunum og hefur til þess haft þau að leiðarljósi í stefnumótun, áætlanagerð og markmiðasetningu. Ísland stendur framarlega á mörgum sviðum heimsmarkmiðanna og hefur jafnvel náð mörgum þeirra. Í þessari ritgerð verður innleiðing heimsmarkmiðanna á Íslandi skoðuð nú þegar þriðjungur gildistíma þeirra er liðinn. Litið verður til þeirra áherslna og aðgerða sem ráðist hefur verið í síðastliðin ár, hvað hefur verið gert hér á landi og hvert við stefnum.

Til að svara þessu verður upphaf SP og grundvöllurinn fyrir heimsmarkmiðunum kynntur sem og aðkoma Íslands innan samtakanna. Gerð verður grein fyrir upphafi og helstu verkefnum verkefnastjórnar heimsmarkmiða SP á Íslandi, samstarf hennar við ríkisstjórnina og ýmsa aðila vítt og breitt úr samfélaginu. Hvert heimsmarkmið verður skoðað nánar með tilliti til áherslna, stöðu innleiðingar þeirra á Íslandi og tilvonandi verkefna samkvæmt stöðuskýrslu

verkefnastjórnar frá 2018. Vinna verkefnastjórnar er einstaklega víðtæk og felur í sér að samhæfa aðgerðir fjölmargra aðila til að vinna að sameiginlegum markmiðum. Ýmis verkefni hafa verið sett af stað til að vekja athygli á heimsmarkmiðunum meðal sérstakra hópa eða samfélagsins í heild sem hafa leitt til aukinnar vitundarvakningar.

Takmarkaðar heimildir eru til staðar um innleiðingu markmiðanna, en þær er helst að finna í skýrslum verkefnastjórnar og ríkisstjórnarinnar þar sem verkefnið er enn nýtt af nálinni og í stöðugri þróun. Höfundur ritgerðar fékk tækifæri til gera smá vettvangsvinnu með því að sitja tengiliðafund Sambands íslenskra sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmiðin þann 6. mars 2020. Einstakt tækifæri gafst í kjölfarið að taka viðtal við Ástu Bjarnadóttur, formann verkefnastjórnar heimsmarkmiða SP á Íslandi. Viðtalið var tekið þann 6. apríl 2020 og notast var við fjarfundabúnaðinn Facetime vegna samkomubanns. Ásta veitti greinargóðar upplýsingar frá fyrstu hendi um þennan fyrsta þriðjung gildistíma markmiðanna, hvað stæði upp úr og hvað væri fram undan í innleiðingu þeirra hér á landi. Í ritgerðinni verður einnig stuðst við fréttavef stjórnarráðsins, heimsmarkmiðagáttina og upplýsingar frá alþjóðlegum stofnunum SP. Ritgerðin er einskonar samantekt yfir þennan fyrsta þriðjung gildistíma markmiðanna og veitir sæmilegt yfirlit yfir þá vinnu sem felst í að setja af stað svona víðtækt og breitt verkefni sem teygir anga sína inn í allar hliðar samfélags og umhverfi mannsins.'

2 Sameinuðu þjóðirnar og heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun

Til að átta sig á tilgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun þarf að líta til sögu SP sjálfra sem og tilkomu hugtaksins *sjálfbær þróun*. Heimsmarkmiðin eiga sér langan aðdraganda mótaði tilhögun verkefnisins til ársins 2030. Í þessum kafla verður litið til SP í sögulegu samhengi, helstu aðalstofnanir og hvernig Ísland varð meðlimur samtakanna. Upphaf hugtaksins sjálfbær þróun verður skoðuð, helstu leiðtogafundir SP í aðdraganda heimsmarkmiðanna og forvera þeirra, þúsaldarmarkmiðin. Að lokum verða heimsmarkmiðin sjálf rýnd, tilgangur þeirra, hlutverk og fyrirkomulag.

2.1 Saga Sameinuðu þjóðanna í stuttu máli

SP eru alþjóðleg samtök sem voru stofnuð í kjölfar seinni heimsstyrjaldar árið 1945. Samtökin voru að nokkru leyti byggð á forvera sínum Þjóðabandalaginu sem hafði ekki náð að uppfylla sitt helsta markmið, að koma í veg fyrir stríð. SP voru stofnuð að frumkvæði stórveldanna, Bandaríkjunum, Bretlandi og Sovíetríkjunum, í þeirri von um að tryggja frið með alþjóðlegri samvinnu. Stofnun slíks bandalags með öllum helstu stórveldunum innanborðs markaði tímamót í sögu alþjóðatengsla. Í kjölfarið var undirbúningsráðstefna haldin í San Francisco í Bandaríkjunum 25. apríl 1945 þar sem unnið var að og síðan undirritaður sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða. Sáttmálinn gengur út frá því markmiði að viðhalda heimsfriði og öryggi. Alls sátu fulltrúar 51 ríkja af öllum heimshornum ráðstefnuna og eru í dag kölluð stofnríki samtakanna. SP eru vettvangur ríkja til að stjórna sameiginlegum aðgerðum gegn friðarrofi og bæla niður mögulegar árásaraðgerðir ásamt því að finna friðsamlegar lausnir í deilumálum ríkja. SP er tækifæri til að skapa vettvang til að greiða úr alþjóðlegum deilum og setja stefnu í málefnum sem varða slíkt (Lynch, Fomerand og Mingst, 2020).

Í dag eru 193 aðildarríki innan SP og er sambandið með höfuðstöðvar sínar í New York í Bandaríkjunum ásamt skrifstofum í Vínborg, Genf og Nairobi. Samtökin hafa sex opinber tungumál en það eru arabíska, kínverska, enska, franska, rússneska og spænska. Starf SP er margþætt meðal annars á sviðum efnahags-, félags-, umhverfis-, heilbrigðis-, mannúðar- og

menningarmála á alþjóðavettvangi . Auk þess að viðhalda friði og öryggi, er markmið samtakanna að þróa vinaleg samskipti milli landa sem byggir á jöfnum rétti þjóða og sjálfsákvörðunarrétt (e. *self-determination*) þeirra, ná fram samvinnu um alþjóðleg málefni, virða og efla mannréttindi og þjóna sem miðstöð ríkja til að samhæfa aðgerðir gagnvart ýmis markmiðum (Lynch, Fomerand og Mingst, 2020).

Samtök SP skiptist í sex aðalstofnanir, Allsherjarþingið, Öryggisráðið, Efnahags- og félagsmálaráðið, Gæsluverndarráðið, Aðalskrifstofan og Alþjóðadómstóllinn Allsherjarþingið tekur fyrir og ræðir þau mál sem eru innan gildissviðs sáttmála SP en öll aðildarríki hafa þar sæti og jafnan kosningarrétt. Þingið kemur saman einu sinni á ári þar sem fjárhagsáætlun SP er samþykkt, fimm ríki kosin til að sitja í Öryggisráðinu, auk fastafulltrúanna, til tveggja ára í senn. Allsherjarþingið fer yfir skýrslur undirstofnana og samþykktir ályktanir (Allsherjarþingið, 2019). Öryggisráð SP hefur það hlutverk að viðhalda friði meðal þjóða og taka ákvarðanir sem öll aðildarríki eru skyldug til að fylgja. Í ráðinu sitja fulltrúar fimmtán landa. Bandaríkin, Rússland, Kína, Bretland og Frakkland hafa fast sæti en hin tíu eru kosin til tveggja ára (Öryggisráðið, 2019). Efnahags- og félagsmálaráðið hefur umfangsmikið verksvið og hefur til þess margar nefndir. Ráðið vinnur að tillögum um ýmis efnahagsvandamál og félagsmál og veitir ráðgjöf um hvernig bæta megi menntun, heilsufar og auka mannréttindi. Undir ráðinu vinna margar stofnanir, meðal annars Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (e. *United Nations Development Programme, UNDP*) sem aðstoðar ríki við að innleiða heimsmarkmið SP (e. *Sustainable Development Goals*) og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (e. *United Nations Environment Programme, UNEP*) sem metur umhverfisástand og eflir samvinnu ríkja til að leysa umhverfisvandamál (efnahags- og félagsmálaráðuneytið, 2019).

2.2 Ísland sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna

Aðildarumsókn Íslands um að ganga í SP var samþykkt af Allsherjarþingi SP þann 9 nóvember 1946. Íslendingar urðu formlega meðlimir samtakanna 19. nóvember það sama ár þegar Thor Thors sendiherra undirritaði yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands. Hann var einnig skipaður fyrsti fastafulltrúi Íslands í sambandinu og gengdi því embætti fram til ársins 1965. Ísland hefur verið virkur þátttakandi í undirnefndum Allsherjarþingsins og þá sérstaklega á sviði mannréttinda- og jafnréttismála (Stjórnarráð Íslands, e.d.-a). Ísland rekur fastanefnd sem fer með fyrirvar landsins hjá SP í New York. Nefndin hefur það hlutverk að framkvæma

utanríkisstefnu íslenskra stjórnvalda á vettvangi SP samkvæmt fyrimælum utanríkisráðuneytisins. Stefnumark fastanefndarinnar er að taka virkan þátt í umræðum stjórna, nefnda og ráða sem og hafa áhrif innan SP út frá sjónarmiði Íslands hverju sinni. Nefndin upplýsir ráðuneytið um framvindu mála og veitir ráðgjöf um atkvæðagreiðslur á Allsherjarþingi (Stjórnarráð Íslands, e.d.-b).

Ísland leggur hönd á plóg innan ýmissa stofnanna og verkefna innan SP, meðal annars *UNDP, United Nations Children Found (UNICEF)* og *UN Women*. Ísland gegnir virku hlutverki í umræðum Allsherjarþings um málefni hafsins og hefur lagt áherslu á að mynda umræður um málefni sem hafa alþjóðlegar afleiðingar. Þar má nefna málefni á borð við mengun hafsins og sjálfbæra nýtingu auðlinda sjávar á heimsvísu. Ísland er ásamt hinum Norðurlandþjóðunum meðal fremstu ríkja á sviði mannréttindamála og leggur áherslu á að tryggja og vernda mannréttindi í heiminum. Íslensk stjórnvöld eru þeirrar skoðunar að öll mannréttindi, hvort sem það eru borgaraleg, stjórnómáleg, efnahagsleg, félagsleg eða menningarleg, séu alhliða ódeilanleg og háð innbyrðis og það sé undir alþjóðlega samfélagsins að tryggja þau. Ísland hefur einnig lagt til í neyðaraðstoð og var meðal þeirra fyrstu til að bregðast við í kjölfar átakanna í Kosovo. Ísland hefur lagt áherslu á að leysa þurfi flóttamannavandann sem ógnar öryggi í heiminum (Stjórnarráð Íslands, e.d.-b).

2.3 Upphaf hugtaksins *sjálfbær þróun* og þúsaldarmarkmiðin

Hugmyndin um sjálfbæra þróun kom fyrst fram á Umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi árið 1972. Hugtakið sjálfbærni hafði áður verið notað um vistkerfi í náttúruvísindum en var á ráðstefnunni notað til að lýsa hagvexti og þróun. Hugtakið sjálfbær þróun varð til út af áhyggjum um að ofnýting auðlinda jarðar myndi leiða til skorts og skelfilegra afleiðinga fyrir mannkynið (Sachs, 2015). Það var síðan loks skilgreint árum síðar, árið 1987 í Brundtlandsskýrslunni svokölluðu. Skýrslan ber heitið *Our Common Future* eða *Okkar sameiginlega framtíð* og var unnin af Brundtlandsnefndinni um umhverfismál (e. *World Commission on Environment and Development*). Í skýrslunni er sjálfbær þróun skilgreind þannig: „Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútíðarinnar án þess að skerða getu kynslóða framtíðarinnar til að mæta þeirra þörfum“ (Sameinuðu þjóðirnar, 1987, bls 41).

Árið 1992 hittust leiðtogar 178 landa á heimsráðstefnu SP um umhverfi og þróun í Ríó í Brazilíu. Afrakstur ráðstefnunnar var samþykktin *Framkvæmdaráætlun 21* (e. *Agenda 21*), sem var alþjóðlegt samstarf með það að markmiði að vernda umhverfið, bæta mannlíf og efla vitundarvakningu um mikilvægi sjálfbærrar þróunar og myndun sameiginlegrar áætlunargerðar. Þátttaka þjóða á ráðstefnunni var frjáls og heldur engin lagaleg skuldbinding að fylgja áætluninni. Skýrslan skilgreindi þrjár meginstoðir sjálfbærrar þróunar, en þær eru efnahagur, náttúra og samfélag (Sameinuðu þjóðirnar, 1992). Í september árið 2000 hittust leiðtogar 189 landa í New York á svokölluðum Þúsaldarfundi. Þar voru átta alþjóðleg, mælanleg markmið samþykkt og fengu nafnið Þúsaldarmarkmiðin (e. *Millenium Development goals*). Með markmiðunum átti meðal annars að draga úr fátækt og hungri í heiminum, efla menntun, vinna að jöfnuði kynja, draga úr barnadauða, tryggja sjálfbæra þróun og alþjóðlegt samstarf. Markmiðunum átti að ná fyrir árið 2015 og voru ríki hvött til að fjárfesta í komandi kynslóðum (Lautensach, 2020).

Það var unnið markvisst að markmiðunum og stór skref tekin í baráttu gegn alnæmi, HIV, malaríu og berklum. Rúmum milljarði manna var bjargað úr sárafátækt (e. *extreme poverty*), barnadauði lækkaði um meira en helming og skólasókn barna jókst til muna frá aldamótum og fram til 2015. *UNDP* var ein helsta stofnun SP sem vann að markmiðunum og er nú starfrækt í rúmlega 170 löndum. Stofnunin sá um að fjármagna verkefni innan ríkja til að vinna að markmiðunum og mæla árangurinn. Almennt eru markmiðin talin hafa gengið ágætlega en til að ná fram enn meiri árangri var ákveðið að setja fram ný markmið sem eru þekkt sem heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (e. *Sustainable Development Goals*) (*UNDP*, e.d.).

2.4 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Ráðstefna SP um sjálfbæra þróun (Rio+20) var haldin í Ríó í Brazilíu 20.-22. júní 2012 þar sem fulltrúar 192 aðildarríkja mættu til að ræða næstu skref. Markmið ráðstefnunnar var að leggja grunn að nýjum heimsmarkmiðum byggðum á Þúsaldarmarkmiðunum til að mæta brýnum umhverfis-, félagslegum og efnahagslegum áskorunum sem heimurinn stóð frammi fyrir. Rio+20 ráðstefnan leiddi af sér skýrsluna *The Future We Want* eða *Framtíðin sem við viljum* sem innihélt skýrar og hagnýtar ráðstafanir SP til vinna að sjálfbærri þróun. Skýrslan kallaði eftir

samningaviðræðum um alþjóðlega samþykkt sjálfbærra þróunarmarkmiða fyrir árslok 2014. Á ráðstefnunni samþykktu aðildarríkin einnig tímamóta viðmiðunarreglur um stefnu græns hagkerfis og að koma á fót milliríkjasamstarfi undir Allsherjarþingi SP til að undirbúa stefnu um fjármögnun verkefnisins. Einnig var samþykkt að efla umhverfisáætlun SP sem unnin er af *UNEP* til að dreifa upplýsingum um umhverfisþróun og upplýsingum til aðildarríkja. Samþykkt var að koma á fót pólitískum vettvangi fyrir sjálfbæra þróun sem yrði mótað nánar á 68. fundi Allsherjarþingsins. Á Rio+20 ráðstefnunni voru teknar framsýnar ákvarðanir og yfir 700 ályktanir samþykktar um nýtt samstarf til að efla sjálfbæra þróun (United Nations, 2012).

Sjötugasti fundur Allsherjarþingsins var haldinn í höfuðstöðvum SP í New York dagana 25.-27. september 2015. Sérstök nefnd innan SP hafði verið stofnuð til eftir Rio+20 í þeim tilgangi að þróa ný markmið til að taka við af Þúsaldarmarkmiðunum. Uppskera þessarar þriggja ára vinnu, *Stefnumál 2030* (e. *Agenda 2030*) var samþykkt af þinginu og fékk heitið *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun*. Þingið ýtti undir og lagði áherslu á sýnileika, pólitískan stuðning og hvata fyrir Stefnumál 2030 og framkvæmd þeirra. Yfir 200 þingmenn og hagsmunaaðilar ávörpuðu fundinn og tóku þátt í umræðum um þær áskoranir sem heimurinn stæði frammi fyrir á alþjóðavísu sem og innan hvers ríkis. Stefnumál 2030 leggja áherslu á að uppræta fátækt, ná fram sjálfbærri alheimsþróun fyrir árið 2030 og tryggja „að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir“, en áhersla var lögð á þau þjóðríki sem stæðu frammi fyrir sérstökum áskorunum. Sýnt var fram á mikilvægi þess að efla nýstárlegt samstarf milli ríkisstjórna, fyrirtækja og samfélags. Umræðunum var skipt upp í sex flokka sem allir náðu yfir vítt svið áskorana líkt og sjá má í samantekt SP eftir fundinn (United Nations, 2015).

1. Að binda enda á hungur og fátækt.
2. Að tækla ójöfnuð, efla konur og stelpur og skilja enga eftir.
3. Að stuðla að sjálfbærum hagvexti, umbreytingu og efla sjálfbæra neyslu og framleiðslu.
4. Að vernda jörðina okkar og berjast gegn loftslagsbreytingum.
5. Að byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir án aðgreiningar.
6. Að styrkja alþjóðlegt samstarf til að spá fyrir þróun stefnumálsins eftir 2015.

Heimsmarkmið SP leystu Þúsaldarmarkmiðin af hólmi til að ná enn meiri árangri í sjálfbærri þróun heimsins og mynda stöðugleika milli félags-, efnahags- og umhverfislegu stoða sjálfbærrar þróunar. Heimsmarkmiðin innihalda 17 aðalmarkmið og 169 undirmarkmið og tóku gildi árið 2015. Markmiðin ná til allra hliða alþjóðlegs samfélags og skuldbinda öll aðildarríki SP að vinna markvisst að innleiðingu þeirra á innlendum sem og erlendum vettvangi út gildistíma

þeirra. Meginþemu heimsmarkmiðanna eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Markmiðin skuldbinda ríki að taka til aðgerða næstu 15 árin eða til ársins 2030. Söguleg samþykkt nýrrar stefnu um sjálfbæra þróun var samþykkt einróma með standandi lófaklappi af yfir 150 leiðtogum heims. Þar með hófst fordæmalaust skeið af innlendum aðgerðum og alþjóðlegri samvinnu. Með samþykktinni skuldbundu ríkin sig að grípa til aðgerða, ekki einungis til að uppræta sárafátækt, heldur einnig til að auka hagvöxt og velmegun. Aðgerðirnar eiga að mæta þörfum fólks til heilbrigðis-, menntunar- og félagslegra nauðsynja. Hlutverk umhverfis- og auðlindamála gegnir stærra hlutverki í nýjum heimsmarkmiðum heldur en gerði í Þúsaldarmarkmiðunum (United Department of Public Information, 2015).

HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Mynd 1: Merki heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-c).

Undirmerkið 169 voru samin til að hægt væri að meta stöðu þjóða þar sem yfirmarkmiðin 17 voru svo víðfeðm. Alls eru undirmerkiðin tengd 232 mælikvörðum en þannig hefur SP tekist að móta ítarlegt mælaborð heimsmarkmiðanna sem gefur ríkjum skýra mynd af gangi mála gagnvart markmiðunum hverju sinni. Alþjóðlegur rammi mælikvarða heimsmarkmiðanna var þróaður af *Inter-Agency and Expert Group on SDG Indicators* (IAEG-

SDGs) sem var lagður fram í skýrslu og samþykktur af á 48. fundi Hagskýrslunefndar Sp (e. *United Nations Statistical Commission*) í mars 2017 og síðar af Allsherjarþinginu 6. júlí 2017. Rammi mælikvarðanna skal síðan endurskoðaður ítarlega árlega af Hagskýrslunefndinni og endurbættur ef þörf ber á. Hvert ríki mun síðan innleiða mælikvarðana og aðlaga þá að sínu landi (United Nations, e.d.). Samþykkt var að árleg eftirfylgni væri í höndum *High-Level Political Forum (HLPF)* með útgáfu árlegrar skýrslu, *Skýrsla framfara heimsmarkmiðanna*, sem væri útbúin af framkvæmdastjóra Sp. Árlegur fundur *HLPF* er haldinn í júlí hvert ár og hverju ríki ætlað að kynna velgengni innleiðingunnar, þær áskoranir sem ríki standa frammi fyrir sem og framtíðarhorfur til frekari velfarnaðar (Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, 2018).

Heimsmarkmiðunum er ætlað að ljúka því verkefni sem Þúsaldarmarkmiðin hófu. Markmiðin eru djörf skuldbinding sem taka á brýnum viðfangsefnum sem heimurinn stendur frammi fyrir. Samhliða öðrum samþykktum Sp, t.d. *Parísarsáttmálanum* og *Sendai umgjörðinni*, er til fjöldi sameiginlegra staðla til að draga úr kolefnislosun og hafa stjórn á loftslagsbreytingum. Öll 17 aðalmarkmiðin eru samtengd og hefur því árangur í einu áhrif á hin markmiðin. Heimsmarkmiðin eru tækifæri til að bæta líf komandi kynslóða en með því að takast á loftslagsbreytingum, auka jafnrétti kynjanna og bæta heilsu almennt mun afraksturinn stuðla að því að uppræta fátækt, auka frið og efla alþjóðlega hagkerfið. Heimsmarkmiðin eru einstök að því leyti að þau taka fyrir málefni sem hafa áhrif á allt mannkynið og „tryggja að enginn verði skilinn eftir“. Því er mikilvægt að ríkin nái að innleiða markmiðin á heildstæðan hátt með skipulögðu starfi af hálfu stjórnvalda og í samstarfi við aðra hagsmunaaðila. Markmiðin eru staðfesting alþjóðlegrar skuldbindingar ríkja til að byggja upp sjálfbærari, öruggari og efnaðri jörð fyrir alla (United Nations, 2012).

3 Upphaf innleiðingar heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun á Íslandi

Ísland var virkur þátttakandi í samningagerð og umræðum um Heimsmarkmiðin frá 2012-2015. Helstu áherslur Íslands voru meðal annars á endurnýjanlega orku, málefni hafsins, jafnréttismál, sjálfbæra landnýtingu og landgræðslu. Heimsmarkmiðin eru margþætt og krefjast skipulegrar vinnu af hálfu stjórnvalda og hagsmunaaðila. Þau gegna stóru hlutverki í öllu alþjóðlegu starfi Íslands sem og innan SP í heild, en öllum aðildarríkjum SP er í sjálfsvald sett hvernig innleiðing markmiðanna fer fram (Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, 2018). Sem Norrænt velferðarríki eru lífskjör Íslendinga almennt góð samanborið við aðrar þjóðir. Ísland hefur lengi verið meðal friðsælustu landa heims og hefur vakið töluverða athygli fyrir að vera framarlega í málum kynjajafnréttis. Þrátt fyrir að vera komin langt á mörgum sviðum er mikil vinna fyrir höndum við innleiðingu ákveðinna markmiða að fullu. Samvinna beggja stoða stjórnarsýslunnar, ríkisstjórnin jafnt sem sveitarfélögin, við alla hagsmunaaðila er gríðarlega mikilvægt til að ná fram sem bestum árangri fyrir árið 2030 (forsætisráðuneytið, 2019b). Hér verður litið til fyrstu skrefanna sem tekin voru í innleiðingu markmiðanna á Íslandi, allt frá stofnun verkefnastjórnar heimsmarkmiða, ungmennaráðsins og helsta kynningarefni sem hefur verið gefið út til að auka þekkingu almennings á markmiðunum.

3.1 Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Í mars 2017 tóku íslensk stjórnvöld, að tillögu forsætisráðherra, markviss skref í innleiðingu heimsmarkmiðanna hér á landi. Verkefnastjórn heimsmarkmiða SP var sett á laggirnar undir formennsku forsætisráðuneytisins í nánu samstarfi við utanríkisráðuneytið, sem gegnir varaformennsku. Upprunalega skipaði Verkefnastjórn fulltrúa úr röðum forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis, velferðarráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis ásamt fulltrúa frá Hagstofu Íslands. Myndað var tengslanet inn í öll ráðuneyti ríkisstjórnar og einnig sat í verkefnastjórninni áheyrnarfulltrúi frá Sambandi íslenskra

sveitarfélaga. Verkefnastjórnin er vettvangur umræðna og samvinnu milli ráðuneyta og hagsmunaaðila. Því var lagt til í stöðuskýrslu verkefnastjórnar 2018 að endurskoða hvaða fulltrúar hefðu sæti í stjórninni (forsætisráðuneytið, 2019b). Í kjölfarið var endurskipað í verkefnastjórnina sem samanstendur nú af sérfræðingum frá öllum ráðuneytum stjórnarráðsins ásamt fulltrúum frá Hagstofunni, Alþingi og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá er Félag Sameinuðu þjóðanna og Ungmennaráð Heimsmarkmiða SP, sem var stofnað árið 2018, með áheyrnarfulltrúa á fundum. Með fleiri einstaklinga við borðið með ólíkar áherslur hefur skapast meiri dýnamík og umræður orðið fjölbreyttari. Það koma ólík mál inn á borð nefndarinnar en margir möguleikar liggja í auknu samstarfi þvert á stjórnsýsluna (Ásta Bjarnadóttir, munnleg heimild, 6. apríl 2020).

Það er meðal hlutverka verkefnastjórnar að halda utan um greiningu og kynningu markmiðanna innanlands. Verkefnastjórn sér um gerð framtíðarverklags Heimsmarkmiða SP á Íslandi ásamt því að koma með tillögu um forgangsröðun undirmarkmiða. Verkefnastjórn er vettvangur samstarfs og umræðna alls þess sem við kemur innleiðingu heimsmarkmiðanna með tilliti til stefnu og áætlanagerðar stjórnarráðsins út frá málaflokkastefnu fjármálaáætlunar. Stjórnin byggir upp samstarf við innlenda hagsmunaaðila og fylgist með hvernig alþjóðlegu samstarfi markmiðanna fram vindur. Heimsmarkmiðin eru víðtæk og því nauðsynlegt að hafa markvissa samræmingu milli stefnu, áætlana og eftirfylgni. Verkefnastjórn skilaði af sér innlendri stöðuskýrslu árið 2018 sem veitti innsýn í stöðu Íslands gagnvart markmiðunum innanlands sem og erlendis (Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, 2018). Innleiðingin sjálf krefst alhliða jafnvægis út frá félagslegum-, efnahagslegum- og umhverfislegum sjónarmiðum. Íslandi ber að kynna hvernig verkefnið gengur á Íslandi á árlegum fundum *HLPF* (e. *High Level Political Forum*), a.m.k. þrisvar út gildistíma markmiðanna. Verkefnastjórn hefur umsjón með framkvæmd fyrstu landsrýnnar, þar sem staðan er tekin á verkefninu, og öðru alþjóðlegu samstarfi (forsætisráðuneytið, 2019b).

Verkefnið var óljóst í upphafi þar sem hvert aðildarríki þurfti að finna sinn takt við að innleiða markmiðin. Það er engin ein rétt leið þannig að tíma tók að móta umgjörðina og koma vinnunni í gang á hér á landi. Áherslurnar í upphafi voru að koma verkefninu á kortið og fá alla aðila til að hugsa í takt. Sem velferðarsamfélag, sem hugsar á þessum nótum, voru mörg markmiðanna þegar í innleiðingu innan stjórnkerfisins. Lögð var áhersla á samstarf um markmiðin en verkefnastjórnin er að mörgu leyti límið á milli ráðuneytanna til að tryggja

samvinnu allra aðila. Áherslan hefur legið í að koma Heimsmarkmiðunum inn í allar stefnur og áætlanir, að allir þekki þau, inni í stjórnkerfinu sem og í samfélaginu. Mikilvægt er að heimsmarkmiðin stýri ákvarðanatöku í stefnumótun og markmiðasetningu en séu ekki tengd inn eftir á (Ásta Bjarnadóttir, munnleg heimild, 6. apríl 2020).

3.2 Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Ein meginstefna heimsmarkmiðanna er samvinna ólíkra hagsmunaaðila. Samkvæmt 12. og 13. gr. Barnasáttmála SP segir að það sé réttur barna að greina frá skoðunum sínum og hafa áhrif á málefni sem þau varða. Sáttmáli íslensku ríkisstjórnarinnar kveður á um að framfylgja skuli Barnasáttmálanum og því þótti verkefnastjórn tilvalið að stofna til ungmennaráðs. Ungmennaráð heimsmarkmiða SP er vettvangur fyrir raddir komandi kynslóða til að heyrast og hafa áhrif á framvindu innleiðingar heimsmarkmiðanna (Stjórnarráð Íslands, 2018). Ungmennni eru einn helsti hagsmunahópur heimsmarkmiðanna og var strax frá upphafi lögð áhersla á að fá þau með í verkefnið. Hugmyndin um að stofna til ungmennaráðs, sem hefði heimsmarkmiðin sem sitt meginviðfangsefni, kom tiltölulega snemma og var ráðið stofnað árið 2018. Það kom engin tilskipun frá SP um stofnun sérstaks ungmennaráðs í tengslum við heimsmarkmiðin og var Ísland eitt fyrsta ríkið til að stofna slíkt ráð. Verkefnastjórn sá fyrir sér starfið sem umræðuvettvangur fyrir ungmenni til að koma saman og dreifa boðskapnum um heimsmarkmiðin (Ásta Bjarnadóttir, munnleg heimild, 6. apríl 2020).

Meðal hlutverka ungmennaráðsins er að fræða og fjalla um heimsmarkmiðin. Ráðið skipa tólf fulltrúar á aldrinum 13-18 ára frá öllum landshlutum. Auglýst var eftir umsóknum til setu í ráðinu og alls bærust verkefnastjórninni 140 umsóknir og því greinilegt að áhuginn var mikill. Starfsmaður forsætisráðuneytis, sem sérhæfir sig í þátttöku barna og ungmenna hjá *UNICEF*, annast skipulag og verklag ráðsins og er hópnun innan handar. Hópurinn fundar sex sinnum á ári og þar af einu sinni með ríkisstjórn Íslands. Ráðið stendur fyrir vettvangi á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem gagnvirku efni og fréttum af heimsmarkmiðunum er komið á framfæri. Ungmennaráðið vinnur að því að vekja athygli á markmiðunum og sjálfbærri þróun út á við til samfélagsins og þá helst til jafnaldra sinna. Ráðið er tækifæri ungs fólks til að láta rödd sína heyrast (Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, 2018).

Mjög öflugir krakkar hafa setið í ráðinu og hefur dugnaður þeirra komið skemmtilega á óvart. Hópurinn er endurnýjaður fyrir hvert starfsár og lögð áhersla að öllum ungmennum sé gefið tækifæri til þátttöku í ráðinu, óháð búsetu. Fyrsta starfsárið fór í að móta verklag í kringum hópinn og hvaða stefnu ráðið sjálft vildi taka. Stofnár ráðsins 2018 var einnig 100 ára afmæli fullveldis Íslands og var ráðinu boðið að mæta á allskyns viðburði, halda erindi og var mun sýnilegra en gert var ráð fyrir í upphafi (Ásta Bjarnadóttir, munnleg heimild, 6. apríl 2020). Ungmennaráðið tók meðal annars þátt í hátíðardagskrá 1. desember, fulltrúi þess flutti ávarp á heimsþingi kvennaleiðtoga og einnig fengu tveir fulltúrar að taka þátt í kynningu Íslands á *HLPF* fundinum í júlí 2019. Ráðið veitir stjórnvöldum ráðgjöf frá sjónarhorni ungmenna um innleiðingu heimsmarkmiðanna í gegnum verkefnastjórnina (utanríkisráðuneytið og forsætisráðuneytið, 2019).

Á öðru starfsári ungmennaráðsins hafa krakkarnir einblínt á að beita sér fyrir tilteknum málefnum. Þau eru öll með ólíkar áherslur og hafa skipt sér upp í hópa til að kappkosta að ákveðnum verkefnum. Ungmennaráðið hefur meðal annars sent bréf á ráðherra þar sem það beitir sér fyrir ákveðnum málefnum eða óskar eftir að ráðherra geri slíkt og jafnvel skrifað athugasemdir við frumvörp. Þeim hefur verið gefið gott svigrúm og frjálssar hendur til að gera það sem þau vilja og fá algjörlega að ráða ferðinni undir leiðsögn starfsmanns. Þau hafa fengið að velja hvort þau sinni ákveðnum verkefnum sem þeim bjóðast og hafa ekki verið neydd til að taka eitthvað að sér sem þau vilja ekki (Ásta Bjarnadóttir, munnleg heimild, 6. apríl 2020).

Ungmennaráðið afhenti ríkisstjórn Íslands tillögur að aðgerðaráætlun á árlegum fundi í Ráhherrabústaðnum við Tjarnargötu þann 15. mars 2019. Í aðgerðaráætluninni koma fram þær tillögur sem ungmennaráðið vill að stjórnvöld leggi áherslu á við innleiðingu heimsmarkmiðanna, m.a. í umhverfis-, mennta- og mannréttindamálum. Þau hvetja til nývæðingar í menntakerfinu, aukinnar meðvitundar um andlega líðan ungmenna, stöðvun stóriðju, samhæfingu flokkunarkerfis úrgangs milli landsvæða og mikilvægi þess að endurheimta votlendi. Þau hvetja ríkisstjórnina til að hugsa í lausnum og minna á að tíminn líður of hratt fyrir aðgerðarleysi. Hulda Margrét Sveinsdóttir, fulltrúi Norðurlands í ungmennaráðinu sagði eftir fund ungmennaráðsins með ríkisstjórninni: „Jörðin er komin að þolmörkum! ... Ef ekkert verður gert þá verðum við ungmennin síðasta kynslóðin sem nýtur þeirra lífsgæða sem við höfum í dag.“ Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, sagði fundinn hafa verið góðan og gagnlegan og tók jákvætt í tillögur ungmennaráðsins (forsætisráðuneytið, 2019a).

3.3 Markaðsherferð, verkefni og sýnileiki

Fjölbreytt og skemmtileg verkefni hafa verið sett af stað til að vekja athygli á heimsmarkmiðunum hér á landi. Sérstakur upplýsingafulltrúi heimsmarkmiðanna var ráðinn til starfa hjá utanríkisráðuneytinu til að þróa og vinna að ýmiskonar upplýsingaefni. Áhersla hefur verið lögð á að miðla upplýsingum til almennings, atvinnulífsins, fræðasamfélagsins og félagasamtaka til ná víðtækri þátttöku. Til þess hafa verið hannaðar kynningarherferðir og verkefni til að auka vitund og skilning á markmiðunum. Stofnaðar voru síður á samfélagsmiðlum Facebook og YouTube í því skyni að ná markvisst til almennings og hafa kynningarefni aðgengilegt öllum (Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, 2018).

Verkefnastjórn hóf samstarf við auglýsingastofuna Hvíta húsið um framleiðslu auglýsingaefnis. Fyrsta kynningarherferðin, *Segjum góðar fréttir árið 2030*, var sett á laggirnar í mars 2018 í öllum helstu miðlum landsins. Þessi fyrsta herferð gekk út á að greina frá góðum fréttum úr framtíðinni, árið 2030, gengju heimsmarkmiðin eftir. Logi Bergmann var fenginn sem fréttapulur framtíðarinnar sem sagði landsmönnum jákvæðar fréttir úr íslensku samfélagi og einnig erlendis frá. Með herferðinni átti að virkja almenning við innleiðingu heimsmarkmiðanna og vekja athygli á markmiðunum sjálfum sem voru þá ný af nálinni (Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, 2018).

Þegar *Segjum góðar fréttir árið 2030* fór í loftið þá var þessi umræðualda um loftslagsmál eða sjálfbæra þróun ekki farin almennilega af stað. Það fór að myndast meðbyr fyrir svona tveimur árum sem hefur hjálpað okkur í þessari vinnu... þegar þessi umræða fór á flug þá fóru hlutirnir að ganga hraðar. (Ásta Bjarnadóttir, munnleg heimild, 6. apríl 2020)

Í desember 2018 var farið af stað með aðra herferð undir nafninu „*Heimsmarkmið Elízu*“. Gerðir voru heimildarþættir um íslenskan ungling, Elízu Gígju Ómarsdóttur 15 ára, sem kynnti sér líf jafnaldra sinna í Úganda og heimsmarkmið SP. Tilgangur þáttanna var að bera saman lífnaðarhætti og líf ungmenna á Íslandi annars vegar og Úganda hins vegar. Frá því að Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, tilkynnti Elízu að hún væri á leið til Úganda fékk Elíza það hlutverk að halda úti myndbandsdagbók og hitti meðal annars ungmennaráð heimsmarkmiða SP og forseta Íslands fyrir brottför. Fylgst var með Elízu í undirbúningi ferðarinnar, ferðalaginu til Úganda og upplifun hennar af samfélaginu og umhverfinu þar. Í Úganda fékk hún að kynnast tveimur ólíkum stelpum úr ólíku umhverfi og sjá hvernig líf jafnaldra hennar er þar í landi. Elíza átti sér tvö uppáhalds heimsmarkmið, *markmið 4 - Menntun fyrir alla* og *markmið 5 - Jafnrétti*

kynjanna og kannaði þau sérstaklega í ferðinni. Heimildapættirnir voru þrjú talsins og voru sýndir á RÚV í desember 2018 og eru þeir einnig aðgengilegir á YouTube-síðu verkefnastjórnar (heims markmiðin, 2019).

Verkefnastjórn gaf út stöðuskýrslu árið 2018 þar sem var meðal annars lagt til um opnun samráðsgáttar á vef stjórnarráðsins um heimsmarkmiðin. Tillagan var að skapa vettvang fyrir alla, einstaklinga sem og hópa, til að koma hugmyndum sínum og verkefnum, tengdum heimsmarkmiðunum, á framfæri. Samráðsgáttin gæti nýst sem vettvangur til að tengja saman ólíka aðila til að vinna að verkefnum og hugmyndum að sjálfbærri þróun (Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, 2018). Með gáttinni á að virkja samfélagið í heild við innleiðingu heimsmarkmiðanna og var vefsíðan heimsmarkmidin.is opnuð í byrjun sumars 2019. Vefsíðan byggir á erlendri fyrirmynd og á að efla upplýsingaflæði milli stjórnvalda og hagsmunaaðila. Vefinn skal nota sem hvatningu og hugmyndabanka, til innblástur og til að vekja athygli á nýstárlegum verkefnum. Skilyrði vefsins er að þau verkefni sem send eru inn feli í sér mælanleg markmið og stuðli að sjálfbærri þróun með heimsmarkmiðin að leiðarljósi. Tölfræði heimsmarkmiðanna er aðgengileg á samráðsgáttinni þar sem hægt er að fletta upp hverju markmiði fyrir sig og skoða stöðu og framþróun hér á landi og samanburð við önnur ríki (utanríkisráðuneytið, 2019a).

Aðspurð um komandi kynningarefni og verkefni segir Ásta Bjarnadóttir (munnleg heimild, 6. apríl 2020) nýja þætti séu í bígerð. Búið er að gera samning við Krakka RÚV um framleiðslu skemmtilegrar og fræðandi þáttaraðar. Hugmyndin er að krakkar leiði þættina og fjalli um heimsmarkmiðin með eigin orðum. Efnið á svo að vera aðgengilegt fyrir kennara til notkunar í grunnskólum til að vekja umræður. Verkefnið átti að fara af stað haustið 2020 en var slegið á frest út af Covid-19 faraldrinum.

Þrjú ár í röð hefur vitund fólks um heimsmarkmiðin verið könnuð af Gallup. Síðasta könnun var gerð í febrúar 2019 en þá höfðu 65,6% landsmanna annað hvort heyrt um eða þekktu til heimsmarkmiðanna. Það er aukning frá árinu áður þegar 46,6% sögðust þekkja til eða hafa heyrt um markmiðin. Könnunin sýndi að yngra fólk var líklegra til að kannast við markmiðin heldur en eldra fólk. Fólk með háskólapróf var líklegra til að þekkja til markmiðanna en þeir sem voru einungis með grunnskóla- eða framhaldsskólapróf. Vitund landsmanna um heimsmarkmiðin hefur því farið vaxandi með árunum en verkefnastjórn heimsmarkmiðanna hefur lagt áherslu á að miðla upplýsingum til almennings (utanríkisráðuneytið, 2019a)

4 Forgangsröðun heimsmarkmiðanna á Íslandi

Ísland stendur framarlega á mörgum sviðum og hefur þegar náð mörgum þeirra markmiða sem heimsmarkmiðin leggja fram en oft er hægt að gera betur. Í þessum fjórða kafla verður litið til tillaga verkefnastjórnar um forgangsröðun markmiðanna á Íslandi og hvernig þau hafa verið tengd stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar. Skoðað verður hvernig forgangsröðun undirmarkmiðanna var háttað og hvernig þau skiptast eftir innlendum og erlendum vettvangi. Hvert heimsmarkmið verður skoðað í grófum dráttum, helstu áskoranir og áherslur hvers markmiðs og staðan tekin á verkefnum og framförum á Íslandi. Fjallað verður um tölfræðilegar upplýsingar um mælikvarða heimsmarkmiðanna gróflega út frá þeim upplýsingum sem liggja þegar fyrir frá Hagstofunni.




4.1 Tillögur verkefnastjórnar um forgangsröðun markmiðanna

Undirmarkmið heimsmarkmiðanna eiga mismikið við hér á landi og mörgum þeirra hefur þegar verið náð t.d. á sviði jafnréttismála. Alveg frá byrjun var ljóst að forgangsráða þyrfti undirmarkmiðunum til að ná fram mælanlegum árangri. Það var í höndum verkefnastjórnarinnar að kortleggja stöðu Íslands gagnvart heimsmarkmiðunum og koma með tillögu til ríkisstjórnar um forgangsröðun þeirra. Þetta var mikilvægt skref til að bæta skilvirka stefnumótun og við áætlanagerð. Við vinnu forgangsröðunarinnar var metið hvaða gögn væru þegar til á Íslandi og hve marga mælikvarða, af þeim 232 alls sem SP höfðu sett fram, þau uppfylltu. Markmiðin voru metin út frá alls fjórum viðmiðum; samræmi við núgildandi stefnu, tengingu við íslenskan veruleika, aðgengileiki gagna og hversu mikil vinna væri fyrir höndum til að ná tilteknu markmiði. Af þeim markmiðum sem þegar hafa verið náð á Íslandi verður unnið að því að gera enn betur. Áhersla verður auk þess lögð á að aðstoða önnur ríki við að ná árangri

með því að miðla þeirri reynslu og þekkingu sem nú þegar er til staðar á Íslandi (Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, 2018).

Stöðuskýrsla verkefnastjórnar kom út árið 2018. Í skýrslunni leggur verkefnastjórn fram tillögu um forgangsröðun markmiðanna fyrir næstu árin, bæði innanlands og í alþjóðasamstarfi. Slík forgangsröðun á að vísa stjórnvöldum veginn við innleiðinguna hér á landi og gefa mynd af mögulegu samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila. Ríkisstjórnin samþykkti tillöguna, að forgangsröðun 65 af 169 undirmarkmiðum en forgangsröðunin tekur mið af megináherslum stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 2017 og þeirri vinnu sem nauðsynleg er til að ná markmiðunum (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-a).

Innleiðing heimsmarkmiða SP á sér stað innan allra ráðuneyta stjórnvalda með forgangsmarkmiðin að leiðarljósi. Nýjar stefnur og áætlanir hafa verið tengdar heimsmarkmiðunum, þar meðal annars á sviði þróunarsamvinnu, í drögum að nýrri menntastefnu, nýsköpunarstefnu og aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Unnið er að því að tengja



Sterkt samfélag



Þróttmikið efnahagslíf



Umhverfi og loftslag



Nýsköpun og rannsóknir



Jöfn tækifæri



Lýðræði og gagnsæi



Alþjóðamál



Mynd 2: Tenging forgangsmarkmiða við meginflokka stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar

(Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, 2018).

undirmarkmiðin við markmið málefnasviða í fjármálaáætlun ríkisstjórnar. Þannig gefst tækifæri til að kortleggja hversu mikið fjármagn fer til og hvernig unnið verður að innleiðingu tiltekinna heimsmarkmiða. Alhliða innleiðing krefst jafnvægis milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða en heimsmarkmiðin kalla á markvissa samræmingu stefnumótunar innan stjórnarsýslunnar. Gæta þarf að hagsmuna- og samstarfsaðilar fái að tjá þarfir ákveðinna málaflokka í ferli innleiðingarinnar og er rafrænn gagnagrunnur fyrir stefnumótun fjármálaáætlunar og tengingar við heimsmarkmiðin er í þróun. Gagnagrunnurinn mun veita betri yfirsýn yfir innleiðinguna hér á landi, auka samræmingu stefna og áætlana á ólíkum málefnasviðum og auðveldað vinnu verkefnastjórnar og stefnumótunarsérfræðinga innan ráðuneytanna (forsætisráðuneytið, 2019b).

Það er meginhlutverk verkefnastjórnar að fylgja forgangsmarkmiðunum eftir og vera stjórnvöldum til halds og traust við innleiðingu þeirra. Miðað er síðan við að staðan á verkefninu verði tekin árlega og unnin samhliða vinnu við ársskýrslu ráðherra. Forgangsmarkmiðin skuli endurskoðuð á tveggja ára fresti þar sem þau markmið sem við eigum lengst í land með verði í forgangi hverju sinni (forsætisráðuneytið, 2019b).

Skipting forgangsmarkmiða eftir vettvangi

Alls eru 65 undirmarkmiði í forgangi hjá íslenskum stjórnvöldum sem snerta á öllum hliðum íslensks samfélags sem og á erlendum vettvangi. Í stöðuskýrslunni sem verkefnastjórn gaf út árið 2018 er fjallað ítarlega um öll heimsmarkmiðin, hvernig þau tengjast Íslandi og hvernig innleiðingu þeirra verður háttað. Þar setur verkefnastjórn fram tillögu að forgangsröðun undirmarkmiðanna sem á að auka skilvirkni innleiðingarinnar. Í skýrslunni er undirmarkmiðunum skipt í þrjú flokka eftir því hvaða vettvangi markmiðin þjóna. Flokkarnir eru *Innanlands*, *Alþjóðasamstarf* og *Innanlands + Alþjóðasamstarf* (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-a). Taflan hér að neðan sýnir fjölda þeirra undirmarkmiða sem eru undir hverju heimsmarkmiði, hversu mörg eru í forgangi og hvernig þau skiptast niður í þessa tilteknu flokka. Í viðauka 1 á bls 55 er hægt að sjá öll heimsmarkmiðin listuð upp sem gott er að hafa til hliðsjónar.

Tafla 1: Skipting forgangsmarkiða eftir vettvangi

(Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-a)

Markmið	Fjöldi undir- markmiða	Fjöldi forgangs- markmiða	Innanlands	Alþjóða- samstarf	Innanlands + Alþjóðasamstarf
1	7	2		1	1
2	8	1		1	
3	13	6	1	4	1
4	10	5	1	2	2
5	9	4		3	1
6	8	6	3	3	
7	5	1		1	
8	12	5	4		1
9	8	3	3		
10	10	2	2		
11	10	5	5		
12	11	4	3	1	
13	5	2	1	1	
14	10	5	1	3	1
15	12	7	6		1
16	12	3	1	2	
17	19	4	1	3	
Alls	169	65	32	25	8

Þau 169 undirmarkmið sem Sp setti sér skiptast misjafnlega eftir hverju heimsmarkmiði, allt frá fimm upp í nítján undir hverju. *Markmið 7 - Sjálfbær orka* og *markmið 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum* eru með fæst undirmarkmið eða fimm hvort en *markmið 17 - Samvinna um markmiðin* er með flest, samtals nítján. Að meðaltali eru 9,94 undirmarkmið undir hverju aðalmarkmiði. Á Íslandi hafa 65 undirmarkmið verið sett í forgang. Þar sem markmiðin eiga mis mikið við hér á landi og jafnvel mörgum nú þegar náð, er þessi forgangsröðun mikilvæg til að auka skilvirkni við innleiðingu þeirra. Að minnsta kosti allt frá einu upp í sjö undirmarkmið eru í forgangi undir hverju heimsmarkmiði. *Markmið 2 - Ekkert hungur* og *markmið 7 - Sjálfbær orka* eru hvort um sig með eitt undirmarkmið í forgangi, bæði í flokki alþjóðasamstarfs en *markmið*

15 - *Líf á landi* með flest eða sjö sem tengjast helst innlendum vettvangi. Að meðaltali eru 3,8 undirmarkmið, undir hverju heimsmarkmiði, í forgangi hér á landi.

Í skýrslu verkefnastjórnarinnar er forgangsmarkmiðunum skipt í þrennt eftir hvort þau eigi við innanlands, í alþjóðasamstarfi eða hvoru tveggja. Taflan hér fyrir ofan sýnir hvernig markmiðin, sem eru í forgangi hjá íslenskum stjórnvöldum, skiptast eftir þessum ákveðnu flokkum samkvæmt stöðuskýrslunni frá 2018.

Markmið sem eiga við á innlendum vettvangi eru um helmingur forgangsmarkmiðanna. Þá eru *markmið 15 - Líf á landi* með sex, *markmið 11 - Sjálfbærar borgir og samfélög* með fimm og *markmið 8 - Góð atvinna og hagvöxtur* með fjögur markmið í forgangi innanlands. Sex heimsmarkmið eru með eitt undirmarkmið í forgangi innanlands en fjögur heimsmarkmiðanna hafa engin undirmarkmið á þeim vettvangi.

Á alþjóðlegum vettvangi eru tólf heimsmarkmiðanna í forgangi hjá íslenskum stjórnvöldum, eða alls 25 undirmarkmið. *Markmið 3 - Heilsa og vellíðan* er með fjögur undirmarkmið í forgangi, flest í þessum flokki. Fimm heimsmarkmiðanna eru með eitt undirmarkmið í forgangi undir flokki alþjóðasamstarfs. Það má sjá í töflunni að þau markmið sem eru í forgangi á alþjóðlegum vettvangi hafa þegar verið innleidd að einhverju leyti á Íslandi og eru málefni sem Íslendingar standa sérstaklega framarlega á alþjóðavísu. Mikilvægt er að sú þekking sem þegar er til staðar á Íslandi verði miðlað til annarra ríkja til að ná betri árangri í alþjóðlegu samhengi.

Undir þriðja flokknum, innanlands + alþjóðasamstarf, eru átta heimsmarkmið með undirmarkmið í forgangi á Íslandi. Þar af eru sex heimsmarkmið með eitt í forgangi og eitt heimsmarkmið með tvö í forgangi, *markmið 4 - Menntun fyrir alla*. Þau markmið sem hér um ræðir eiga bæði við innanlands og á alþjóðlegum vettvangi, sem hægt er að vinna samhliða með hagsmunaaðilum í samstarfi við önnur ríki eða stofnanir.

Þrjú heimsmarkmið koma inn á alla flokkana, *markmið 3 - Heilsa og vellíðan*, *markmið 4 - Menntun fyrir alla* og *markmið 14 - Líf í vatni*. Öll þessi markmið eiga það sameiginlegt að þau er bæði hægt að heimfæra á Íslandi og vinna sérstaklega að í samráði á alþjóðlegum vettvangi.

Tvö heimsmarkmiðanna verður ekki unnið sérstaklega að innanlands og falla hvorug undir flokkana innanlands eða innanlands + alþjóðasamstarf. Það eru *markmið 2 - Ekkert hungur* og *markmið 7 - Sjálfbær orka*. Ísland stendur framarlega á báðum sviðum og nota því stjórnvöld krafta sína í að miðla upplýsingum til þeirra sem þess þurfa í öðrum löndum. Á sama hátt eru

þrjú heimsmarkmiðanna með engin undirmarkmið í forgangi á alþjóðlegum vettvangi heldur einungis unnið að innanlands. Það eru *markmið 9 - Nýsköpun og uppbygging*, *markmið 10 - Aukinn jöfnuður* og *markmið 11 - Sjálfbærar borgir og samfélög*.

4.2 Helstu áskoranir og áherslur hvers heimsmarkmiðs hjá Íslenskum stjórnvöldum

Í þessum kafla verður farið yfir hvert heimsmarkmið SP fyrir sig. Sérstaklega verður litið til þeirra aðgerða sem áætlaðar eru innanlands og hvað megi gera betur. Markmiðin eru öll samtengd innbyrðis og hefur því árangur undir einu markmiði einnig áhrif á hin. Hvert forgangsmarkmiðin verður ekki skoðað sérstaklega heldur verður litið á hvert heimsmarkmið út frá víðum skilningi. Áherslur og áskoranir Íslands verða skoðaðar út frá þeim upplýsingum sem verkefnastjórn hefur gefið út á opinberri heimasíðu verkefnisins, heimsmarkmid.is. Upptalningu forgangsmarkmiðanna má finna í viðauka 2 á bls 57.

Markmið 1 – Engin fátækt

Undir markmiði 1 eru sjö undirmarkmið og tvö þeirra í forgangi á Íslandi. Með markmiðinu á að „útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar“. Hér á landi eru lífskjör almennt talin góð samanborið við aðrar þjóðir. Þrátt fyrir að Ísland sé vestrænt velferðarríki og með mestu tekjujöfnun allra Evrópuþjóða, þá býr hópur á Íslandi við efnislegan skort. Rúmlega 1,3% Íslendinga býr við fátækt samkvæmt greiningu Velferðarvaktarinnar frá 2016. Engin opinber viðmið eru til um fátækt hér á landi en þess í stað er stuðst við skilgreiningu um lágmarkstekjumörk. Mikilvægt er að hafa meginstoð heimsmarkmiðanna „að skilja engan eftir“ sérstaklega að leiðarljósi við innleiðingu fyrsta markmiðsins. Stjórnvöld ætla að beina úrbótum að kjörum þeirra tekjulægstu og styðja þá sem standa höllum fæti í samfélaginu með sérstaka áherslu á velferð barna. Sveitarfélög veita nú þegar fjárhagsaðstoð í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga til einstaklinga og fjölskyldna sem geta ekki náð endum saman. Stefnt er að einföldun almannatryggingakerfisins til að tryggja framfærslu tekjuminni hópa, efla samfélagsþátttöku og koma í veg fyrir félagslega einangrun. Þá verður sérstaklega hugað að börnum sem búa við fátækt, fólks sem eiga við fjölþættan vanda og til stöðu fatlaðra einstaklinga. Greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi skuli hækkaðar og orlof lengt í áföngum. Útrýma á launamun, sérstaklega á grundvelli þjóðernisuppruna og jafnlaunavottun verður lögleidd til að stuðla að auknum jöfnuði (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 2 – Ekkert hungur

Undir markmiði 2 eru átta undirmarkmið og eitt þeirra í forgangi á Íslandi. Útrýma á hungri, tryggja fæðuöryggi á sama tíma og stuðla að sjálfbærum landbúnaði. Framboð næringarríkrar fæðu er gott á Íslandi og ætti því enginn að þurfa búa við næringarskort. Ríkið ásamt sveitarfélögum styðja við þá fjárhagslega sem annars myndu ekki ná endum saman. Einfalda á bótakerfið til að tryggja framfærslu allra landsmanna en slíkar breytingar skulu gerðar í samráði við forsvarsmenn jaðarhópa til að tryggja þátttöku allra í samfélaginu. Úttekt verður gerð á kjörum þeirra tekjulægstu og tillögur að úrbótum settar fram. Þá er áætlað að samræma bótakerfi og skattkerfi innan barnabótakerfisins þar sem brýnast er að bæta lífskjör einstæðra foreldra. Einnig verður lögð áhersla á leiðandi framleiðslu lífrænna og heilnæmra landbúnaðarafurða með áherslu á nýsköpun og vöruþróun, efla sjálfbæran landbúnað og vernda bústofna. Matvælastefna hefur verið í mótun frá ágúst 2018 á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins en slík vinna kemur inn á borð margra ráðuneyta. Áhersla er lögð á tengsl matvæla, lýðheilsu og samspil matvælaframleiðslu og loftslagsbreytinga. Nýir landbúnaðarsamningar skulu innleiddir með sérstaka áherslu á aðlögunarsamninga um nýja starfsemi til sveita, styrkveitingu til sauðfjárþænda, náttúruvernd og rannsóknir og menntun á sviði landbúnaðar. Unnið verður að því að þróa lífhagkerfið enn frekar, finna sjálfbær úrræði til að hindra enn frekari umhverfisáhrifa og kolefnisjafna landbúnað og fiskveiðar (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 3 – Heilsa og vellíðan

Undir markmiði 3 eru þrettán undirmarkmið og sex þeirra í forgangi á Íslandi. Stuðla á að heilbrigðu líferni og vellíðan hér á landi. Móta þarf aðgerðir gegn langvinnandi lífsstíllssjúkdómum, meðal annars offitu og krabbamein, og koma þarf í veg fyrir ótímabær dauðsföll. Lífslíkur á Íslandi eru með því hæsta í heiminum þar sem framúrskarandi mæðraeftirlit og fæðingarþjónusta spilar stóran þátt. Ísland býr yfir vel menntuðu heilbrigðisstarfsfólki og hefur gott heilbrigðiskerfi. Helstu áskoranir þriðja markmiðsins hafa meðal annars verið mönnun heilbrigðisstofnana, framboð á nýjum lyfjum og ofnotkun sýklalyfja. Unnið verður að því að bæta framboð og aðgengi úrræða og þjónustu í öllum landshlutum og að halda kostnaði sjúklunga í lágmarki. Tekist hefur að halda smitsjúkdómum í lágmarki og hefur aðgengi fólks að forvörnum og upplýsingum um kynheilbrigði verið eflt. Árið

2007 var gildissvið sóttvarnarlagu útvíkkað til að tryggja skjótar og áhrifaríkar aðgerðir og nær nú til sjúkdóma sem gætu ógnað almannaeil, líkt og Covid-19 hefur gert. Unnið hefur verið að helstu áhættu- og áhrifaþáttum, m.a. áfengis- og vímuefnaneyslu, sem er vel undir meðallagi á Íslandi samanborið við önnur OECD (*Organization for Economic Cooperation and Development*) ríki, og meðferðarúræðum fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Mikilvægt er að efla geðheilbrigði, sjálfsvísforvarnir, efla fyrirbyggjandi aðgerðir og snemmtæka íhlutun. Þá er unnið stöðugt að auknu umferðaröryggi með auknu eftirliti lögreglu og fræðslu Samgöngustofu til að draga úr banaslysum (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 4 – Menntun fyrir alla

Undir markmiði 4 eru tíu undirmarkmið og fimm þeirra í forgangi á Íslandi. Með fjórða markmiðinu á að tryggja öllum jafnan aðgang að tækifærum til menntunar og náms. Á Íslandi er ákvæði í lögum um að menntun sé réttur allra því sterk tengsl eru á milli menntunar, lýðræðis, menningar og sjálfbærni. Haustið 2018 var unnið að nýrri menntastefnu að fyrirskipun mennta- og menningarmálaráðherra þar sem helstu áskoranir íslensks samfélags í mennta- og velferðarmálum voru sett í forgang með heimsmarkmiðin til hliðsjónar. Móta á framúrskarandi menntakerfi samkvæmt þörfum einstaklinga, samfélags og atvinnulífs fyrir vorið 2020 þar sem kennarar gegna lykilhlutverki. Hlutfall barna á leikskóla er hátt hér á landi samanborið við önnur ríki en stytta þarf biðtíma og tryggja öllum börn leikskólaláss strax að loknu fæðingarorlofi foreldra. Sveitarfélögum er skylt að sjá öllum fyrir námstækifærum, óháð andlegri og líkamlegri færni eða öðrum forsendum. Tryggja þarf fötluðum og þroskahömluðum einstaklingum sömu tækifæri til menntunar jafnt við aðra og að allir skulu ljúka gæðamenntun á jafnréttisgrundvelli á grunnskólastigi. Læsi og lesskilning grunnskólanema þarf að efla með íslenskukennslu og stuðning við menningu sem upphefur íslenska tungu. Tryggja á að námsmenn af öllum landshlutum hafi aðgang að bók- og verknámi og bæta á tengsl skóla við atvinnulífið og samfélagið. Stefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins leggur áherslu á að vinna gegn brotthvarfi nemenda úr námi, efla geðheilbrigðisþjónustu á framhaldsskólastigi og halda betur utan um nemendur af erlendum uppruna. Þá þarf að fjölga menntuðum kennurum á grunn- og leikskólastigi á Íslandi en núverandi staða sýnir fyrirbyggjandi kennaraskort. Styðja þarf einstaklinga til að afla sér kennaramenntunar og sjá til þess að menntaðir kennarar skili sér til starfa innan skólakerfisins (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 5 – Jafnrétti kynjanna

Undir markmiði 5 eru níu undirmarkmið og fjögur þeirra í forgangi á Íslandi. Tryggja þarf jafnrétti kynjanna og að efla völd kvenna og stúlkna. Ísland mældist í efsta sæti í jafnréttismálum tíunda árið í röð á lista Alþjóðæfnaðagsráðsins (e. *World Economic Forum*) árið 2018 en það er svigrúm til enn frekari bætinga. Helstu áskoranir jafnréttismála á Íslandi eru á sviði kynferðismála og kynbundins ofbeldis. Slíkt ofbeldi er lýðheilsuvandamál og hefur efnahagsleg, pólitísk, félags- og heilsufarsleg áhrif á samfélagið. Mikilvægt er að efla fræðslu og sinna forvörnum sem og útvega ofbeldismönnum viðeigandi úrræði. Endurskoðun verklagsreglna innan lögreglu er þegar í ferli en sérstaklega þarf að horfa til kvenna sem eru berskjaldaðar fyrir kynferðislegu ofbeldi. Ísland hefur þegar fullgilt samning SP um afnám hverskonar mismunar í garð kvenna (e. *The Convention on the Elimination of all Forms of Discrimination Against Women, CEDAW*) og hefur staðið sem fyrirmynd að löggjöf og framförum í jafnréttismálum. Sérstök jafnréttislög hafa verið innleidd til að hvetja til jafnra tækifæra kynjanna á öllum sviðum samfélagsins og unnið er hörðum höndum að innleiðingu jafnlaunavottunar sem lið í að útrýma mismunun á grundvelli kyns. Gera á konum sem körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf betur, meðal annars með því að auka sveigjanleika með tilliti til fjölskylduaðstæðna. Með núverandi framkvæmdaáætlun stjórnvalda er stefnt að aukinni umræðu um karla og jafnrétti, afnema kynbundið misvægi og hækka hlutfall feðra sem nýta sér fæðingarorlof. Íslenskur vinnumarkaður einkennist af mikilli kynjaskiptingu milli starfsgreina. Karlar sitja einnig oftar í valdastöðum heldur en konur og búa almennt yfir betri möguleikum á atvinnumarkaði. Jafnréttislög fyrirskipa að skipun í nefndir, stjórnir og ráð á vegum stjórnarsýslu skuli taka mið af ákveðnu kynjahlutfalli. Einnig gerðu forsætisráðuneytið og Félag kvenna í atvinnulífinu samning um stuðning við verkefnið *Jafnvægisvögin* árið 2019 sem á að jafna hlut kynjanna á efstu stigum stjórnunar (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 6 – Hreint vatn og hreinlætisaðstaða

Undir markmiði sex eru átta undirmarkmið og sex þeirra í forgangi á Íslandi. Að hafa aðgengi að hreinu vatni er ekki sjálfsagt og talið er að skortur á vatni í heiminum muni aukast með árunum vegna fjölgunar mannkynsins og breyttum neysluvenjum. Á gildistíma heimsmarkmiðanna er áætlað að ljúka við innleiðingu vatnstilskipunar ESB og vinna að endurheimt votlendis. Úrkomumynstur og vatnsauðlindir breytast vegna loftslagsáhrifa sem hefur síðan áhrif á iðnað

og landbúnað en minnka þarf losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Ísland á nóg af fersku neysluvatni og nú þegar er unnið að áætlun um sjálfbærari nýtingu vatnsauðlinda hér á landi þrátt fyrir að vatnsskortur sé ekki í nánd. Lögum samkvæmt er sveitarfélögum skylt að starfrækja vatnsveitu í þéttbýli sem fullnægir þörfum almennings, heimila og fyrirtækja um hreint vatn. Ein helsta áskorun sjötta heimsmarkmiðsins hér á landi er uppbygging fráveitna, sem er á ábyrgð sveitarfélaga. Sérstaklega þarf að hækka hlutfall þess skólps sem hreinsað er áður en það er leitt út í sjó (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 7 – Sjálfbær orka

Undir markmiði 7 eru fimm undirmarkmið og eitt þeirra í forgangi á Íslandi. Markmiðið hefur að geyma ótal áskoranir en einnig tækifæri á sviði orkumála þar sem er stefnt að því að öllum hafi verið tryggður aðgangur að öruggri og sjálfbærri orku fyrir árið 2030. Það eru hagsmunir allra ríkja að hafa framboð og aðgengi að hreinni og sjálfbærri orku. Framgangur atvinnulífsins, byggðafesta og lífsgæði eru beintengd. Ísland stendur framarlega í orkumálum á alþjóðavísu. Langstærstur hluti orkunýtingar er endurnýjanlegur og umhverfisvænn eða um 73% árið 2016. Að meðaltali greiðir hver einstaklingur lægra hlutfall af tekjum sínum fyrir orkugjafa á Íslandi heldur en gengur og gerist í Evrópu. Hitaveituvæðing landsins hefur verið studd af stjórnvöldum undanfarna áratugi til að draga úr raf- og olíuhitun í húsum. Í byggðaaætlun 2018-2024 er það forgangsmál stjórnvalda að jafna orkukostnað á milli landssvæða og tryggja orkuöryggi og afhendingaröryggi raforku á landsvísu. Veturinn 2019 til 2020 sýndi fram á að enn er langt í land með að tryggja öllum landsmönnum slíkt öryggi þar sem heilu landssvæðin áttu við rafmagnsskort dögum saman eftir átakaveður. Samhliða tækniþróun og tilkomu orkugrenni raftækja á síðustu árum hefur meðalnotkun heimila á rafmagni minnkað. Þá þarf að minnka notkun jarðefnaeldsneytis á landi og á sjó og hafa stjórnvöld hvatt neytendur til að kaupa umhverfisvænni farartæki. Styrkir hafa verið veittir til uppsetningar rafhleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla og metanstöðva. Þróun umhverfisvænni samgangna á sjó gengur hægar og samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er stefnt að því að banna svartolíu innan íslenskrar landhelgi á næstu árum. Þá hefur íslensk repjuolía verið í þróun í þeim tilgangi að knýja bæði skip og tæki fyrir búskap. Til að ná helstu markmiðum stjórnvalda þarf að útbúa heildstæða orkustefnu fyrir næstu áratugi (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 8 – Góð atvinna og hagvöxtur

Undir markmiði 8 eru tólf undirmarkmið og fimm þeirra í forgangi á Íslandi. Hagvöxtur er ágætt áhald til að skoða heilbrigði markaðar og framþróun ríkja en þarf samt að taka með fyrirvara því það segir ekki allt um tiltekið samfélag. Það er mikilvægt að atvinnutækifæri sé til staðar fyrir alla og að stuðlað verði að varanlegum sjálfbærum hagvexti. Það er gott fyrir samfélagið að sem flestir geti verið virkir þátttakendur út á vinnumarkaði og efla þarf sérstaklega þá einstaklinga sem glíma við fötlun eða skerta starfsgetu. Tryggja þarf arðbæra og mannsæmandi atvinnu, laun á jafnréttisgrundvelli og koma í veg fyrir langtíma atvinnuleysi. Íslensk stjórnvöld stefna að því að tryggja öruggt og heilnæmt starfsumhverfi sem samræmist þróun samfélagsins. Forsætisráðherra hefur skipað framtíðarnefnd til að greina áskoranir og tækifæri sem svokölluð fjórða iðnbyltingin hefur í för með sér þar sem tækniþróun hefur verið umtalsverð og ollið róttækum breytingum á vinnumarkaði. Nýsköpun og aukin framleiðni í öllum atvinnugreinum hefur verið efst á baugi stjórnvalda sem og að auka sjálfbæra nýtingu auðlinda í sjávarútvegi og landbúnaði. Ferðaþjónustan hefur farið ört vaxandi síðasta áratuginn og margir landsmenn sem hafa atvinnu af þeim fjölda ferðamanna sem koma hingað til lands ár hvert. Minnka þarf kolefnisspor ferðaþjónustunnar með sjálfbærni að leiðarljósi. Þá þarf stefnumörkun í opinberum fjármálum að endurspeglar hagsæld allra landsmanna (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 9 – Nýsköpun og uppbygging

Undir markmiði 9 eru átta undirmarkmið og þrjú þeirra í forgangi á Íslandi. Þetta tiltekna markmið er mikilvægt fyrir helsta stefnumið SP um að efla sjálfbæra þróun. Fjárfesta þarf uppbyggingu viðnámsþolinna innviða samhliða því að hvetja til sjálfbærrar iðnvæðingar og styðja við nýsköpun. Innviðir landsins eru lykillinn að samkeppni atvinnulífs, þróun byggðarlaga og félagslegri velferð almennings. Áætlanir íslenska ríkisins og sveitarfélaga ganga út á að innviðir landsins verði áreiðanlegir, sjálfbærir og viðnámsþolnir. Ísland er eitt dreifbýlasta land Evrópu og er uppbygging og viðhald innviða því kostnaðarsamt verkefni sem dreifist á fáa aðila. Meðal áskorana eru aukin umsvif tengd hagvexti og stigmagnandi mikilvægi ferðaþjónustu. Styðja þarf betur við nýsköpun, frumkvöðlastarf og markaðssetningu íslenskra afurða á innlendum og alþjóðlegum markaði. Leggja þarf fjármagn í uppbyggingu og viðhald flugvalla, hafna og vegakerfis til að mæta auknum straumi ferðamanna til landsins. Samkvæmt

byggðaaætlun 2018-2024 skal framleiðsla og dreifing raforku mæta þörfum atvinnulífsins og stuðla að jöfnum tækifærum landsmanna til atvinnu og þjónustu. Sjálfbær þróun er grundvöllur í stefnu stjórnvalda, að atvinnuvegir byggji á sjálfbærri nýtingu auðlinda og að losun gróðurhúsalofttegunda verði haldið í lágmarki. Styðja þarf svæði sem hafa glímt við stöðuga fólksfækkun til lengri tíma. Hvetja þarf til grænna lausna í þágu umhverfismála með styrkjum til rannsókna og nýsköpunar til að takast á við hraðar samfélagsbreytingar og flóknar alþjóðlegar áskoranir. Ísland er framarlega á sviði fjarskiptainniðnaðs og samkvæmt fjarskiptaáætlun ríkisins er gert ráð fyrir að allir landsmenn verði tengdir 100Mb+ þráðbundinni nettengingu fyrir árslok 2021. Þá á að auka fjármagn til ljósleiðaravæðingar um allt land (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 10 – Aukinn jöfnuður

Undir markmiði 10 eru tíu undirmarkmið og tvö þeirra í forgangi á Íslandi. Þrátt fyrir góðan árangur síðustu áratugi þarf stöðugt að vinna að því að draga úr ójöfnuði í heiminum. Samkvæmt Gini stuðlinum hefur jöfnuður aukist á Íslandi frá árinu 2009 og samkvæmt Eurostat er minnstur ójöfnuður á Íslandi af öllum Evrópulöndunum. Stjórnvöld þurfa að tryggja að allir njóti ávinnings af hagvexti í landinu og til þess á að styðjast á við reglugerðir Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og innleiða strangara eftirlit á fjármálamörkuðum. Árið 2017 voru samþykkt lög um evrópskt eftirlitskerfi á innri markaði Evrópusambandsins, en af alls 29 lágmarksviðmiðum stóðst Ísland aðeins sjö þeirra. Mörg tækifæri eru því til staðar fyrir frekari umbótum. Mikilvægt er að jafna stöðu fólks í samfélaginu og að ekki sé gert upp á milli einstaklinga eftir kyni, kynhneigð, aldri, uppruna, þjóðerni, trú, lífsskoðunum, fötlun eða öðrum ástæðum. Unnið hefur verið að því með ýmsum lagasetningum, m.a. með einföldun bótakerfisins. Auka skal tekjur hjá þeim tekjulægstu en sveitarfélög hafa veitt fjárhagsaðstoð til þessa á grundvelli félagsþjónustu. Örorku- og endurhæfingarlífeyrir er veittur fólki með skerta starfsgetu með það að markmiði að gera því kleift að lifa sjálfstæðu lífi, virkja það til þátttöku í samfélaginu og ýta undir atvinnuþátttöku. Einnig þarf að skapa jöfn tækifæri fyrir innflytjendur til að verða virkari þátttakendur í íslensku samfélagi en helsta áskorunin fyrir þennan hóp er meðal annars skortur á húsnæði, takmörkuð íslenskukunnátta og erfiðleikar á atvinnumarkaði. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021 lagði fram ýmis verkefni til að vinna á þeim áskorunum sem fatlaðir einstaklingar standa frammi fyrir. Mörg þeirra verkefna eru þegar komin vel á veg eða er lokið (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög

Undir markmiði 11 eru tíu undirmarkmið og fimm þeirra í forgangi á Íslandi. Sjálfbærni borga og bæja er mikilvægari sem aldrei fyrr og felur í sér margar áskoranir. Vinna skal að því að gera borgir og önnur íbúðasvæði örugg, sjálfbær og viðnámsþolin. Ísland er einstaklega dreifbýlt miðað við fjölda íbúa á hvern ferkílómetra en 94% landsmanna búa samt sem áður í þéttbýli. Félags-, umhverfis- og efnahagsþróun byggðakjarna krefst þess að aðgerðir og ákvarðanir sem eru teknar felí í sér samþættar lausnir á öllum sviðum skipulags og uppbyggingu innviða. Tryggja skal sjálfbæra borgarþróun og viðunnandi búsetuaðstæður, auka framboð á viðráðanlegu leiguhúsnæði fyrir þá tekjulægri og efla húsnæðismarkaðinn almennt. Bæta þarf almennar samgöngur, auka græn svæði, bæta loftgæði og lífsgæði í þéttbýli. Drög að nýrri stefnu almenningssamgangna hafa verið kynnt þar sem stefnt er að því að allir þéttbýlisstaðir með hundrað eða fleiri íbúa verði tengdir kerfi almenningssamgangna. Slíkar aðgerðir leiða til betri loftgæða og minni svifryksmengunar en áætlun um loftgæði var unnin og gefin út af umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2017. Vekja þarf athygli á og gera fólk meðvitað um loftgæði, mögulegar lausnir til að bæta loftgæði og um heilsufarsleg áhrif þess. Að sama skapi þarf að vernda íslenska náttúru samkvæmt lögum um náttúruvernd en á sama tíma tryggja almenningi þann rétt að skoða og njóta náttúrunnar. Lögin miða að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og að samskipti manns og náttúru séu ekki spillandi fyrir komandi kynslóðir. Endurheimta þarf röskuð vistkerfi og auka þol þeirra gegn náttúruhamförum og hnattrænum breytingum. Lög um landsáætlun voru innleidd árið 2018 og eiga að auðvelda aðgengi að náttúru og menningarminjum. Byggja þarf upp innviði ferðaþjónustunnar í samræmi við þessar áskoranir (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla

Undir markmiði 12 eru ellefu undirmarkmið og fjögur þeirra í forgangi á Íslandi. Tryggja þarf sjálfbæra neyslu og framleiðslu með skilvirkri nýtingu náttúruauðlinda og orku. Nýting auðlinda er ein meginstoð íslenska hagkerfisins og því hagsmunamál allra landsmanna að skilvirk og sjálfbær nýting náttúruauðlinda sé tryggð. Ný innkaupastefna ríkisins er í smíðum þar sem verður lögð áhersla á sjálfbær innkaup og skýra stefnu til framtíðar. Vistspor landsins þarf að minnka en stefnan *Saman gegn sóun* leggur áherslu á úrgangsforvarnir til ársins 2027. Örugg efna- og úrgangsstjórnun tryggir grunn að bættri heilsu landsmanna en draga þarf úr matarsóun

og losun gróðurhúsalofttegunda. Allar atvinnugreinar þurfa að starfa í sátt við náttúru og samfélag og hafa mörg stórfyrirtæki sett sér stefnu um samfélagsábyrgð og reglulega útgáfu sjálfbærnesskýrsla. Bætt skipulag og stýring af hálfu stjórnvalda mun tryggja ferðaþjónustu áframhaldandi verðmætasköpun samhliða umhverfisvernd og móta innviði þjónustunnar til framtíðar. Árangur má sjá í bættum innviðum, dreifingu ferðamanna um landið og yfir allt árið sem og ábyrgri hegðun ferðamanna. Covid-19 faraldurinn setti þó sitt strik í reikninginn með algjörri stöðvun ferðamanna til landsins og erfitt að segja til um hversu lengi ferðaþjónustan verði að taka almennilega við sér. Með því að innleiða tólfta markmiðið hér á landi myndi efnahags-, félags- og umhverfislegur kostnaður lækka og samkeppnishæfni aukast. (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum

Undir markmiði 13 eru fimm undirmarkmið og tvö þeirra í forgangi á Íslandi. Ein helsta áskorunin á alþjóðlegum vettvangi eru loftslags- og veðurfarabreytingar og áhrif þeirra á umhverfi og samfélag. Hitastig jarðar fer hækkandi, jöklar bráðna, sjávarborð hækkar og vistkerfi og veðurfar breytist með neikvæðum áhrifum á gróðurfar og lífríki. Hækkandi sjávarstaða, súrnun sjávar og áhrif þess á lífríki hafsins eru meðal áskorana sem Íslendingar standa frammi fyrir. Ísland er aðili að ýmsum samningum tengdum loftslagsmálum á alþjóðlegum vettvangi, *Loftslagssamningi SP* (e. *United Nations Framework Convention on Climate Change*), *Parísarsáttmálanum* (e. *The Paris Agreement*), o.fl. Einnig hafa forsætisráðherrar Norðurlandanna undirritað yfirlýsingu um að efla samvinnu í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Ísland losar hlutfallslega einna mest af gróðurhúsalofttegundum á hvern íbúa samanborið við önnur Evrópulönd og því þarf að bregðast markvisst við til að uppfylla skuldbindingar samninganna. Einna helst þarf minnka notkun jarðefnaeldsneytis í farartækjum á landi og sjávarútvegi en til þess hafa íslensk stjórnvöld beitt umhverfissköttum og grænum hvötum í þeirri von um að þróun samfélagsins miði í átt að lágkolefnishagkerfi. Meðal aðgerða ríkisins hefur sjálfbærismenntun verið aukin á öllum skólastigum og stofnað til samvinnuverkefnis með Veðurstofu Íslands um rannsóknir á náttúrufarabreytingum og afleiðingum loftslagsbreytinga á Íslandi (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 14 – Líf í vatni

Undir markmiði 14 eru tíu undirmarkmið og fimm þeirra í forgangi á Íslandi. Sjávarauðlindir eru gríðarlega mikilvægar fyrir íslenskan efnahag og hafa málefni hafsins verið lengi í forgangi í íslenskri utanríkisstefnu. Mikilvægt er að vernda hafið og nýta auðlindir þess á sjálfbæran hátt og vinna gegn hugsanlegum neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á lífríki sjávar. Íslensk stjórnvöld vilja starfa með Hafrannsóknarstofnun og með atvinnulífinu í þessu stóra verkefni út frá þeim ramma sem heimsmarkmiðin setja, bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi. Mikilvægt er að halda hafinu hreinu og lágmarka skaðann af mengunarefnum kringum Ísland. Sérstaklega þarf að huga að plastúrgangi sem endar í hafinu og draga úr plastnotkun almennt. Ágengi og athafnir manna á hafinu hefur áhrif á sýrustig þess, pHstig, sem fer lækkandi. Súrnun sjávar kemur til vegna upptöku koltvíoxíðs úr andrúmsloftinu og hætta er á að lækkunin sýrustigs muni hafa skaðleg áhrif á lífríki hafsins til framtíðar. Eftirlit og rannsóknir á súrnun sjávar er í höndum Hafrannsóknarstofnunar og hefur vakið athygli víða um heim. Vistkerfi sjávar þarf að varðveita og hefur það m.a. verið gert síðustu ár með lokun ákveðinna hafsvæða. Komið er í veg fyrir ofveiði og ólöglegar veiðar með stefnu stjórnvalda um fiskveiðistjórn út frá vísindalegri ráðgjöf og öflugu eftirliti fiskveiða (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 15 – Líf á landi

Undir markmiði 15 eru tólf undirmarkmið og sjö þeirra í forgangi á Íslandi. Til að vernda líf á landi sem og landgæði þarf að berjast gegn eyðingu skóga og eyðimerkurmyndun af hálfu manna. Ósjálfbær nýting auðlinda allt frá landnámi olli eyðileggingu á skógum, gróðurlendi og votlendi á Íslandi. Endurheimta þarf vistkerfi þessara auðlinda, auka landgæði og tryggja sjálfbæra nýtingu til að sporna við frekari skaða á vistkerfum. Loftslagsbreytingar síðustu áratugi hafa þegar haft stórvægileg áhrif sem mörg eru óafturkræf. Tekist hefur að stöðva langvarandi eyðingu íslenskra skóga og uppbygging þegar farin af stað. Náttúruverndarlöggjöf frá 2015 styður skilvirkar aðgerðir gegn hnignun líffræðilegrar fjölbreytni en koma þarf í veg fyrir frekari skaða vegna innfluttra tegunda dýra og plantna sem hafa haft neikvæð áhrif á vistkerfi náttúrunnar. Enn er gróðureyðing og eyðurmerkurmyndun til staðar en stjórnvöld styðja við aðgerðir til að endurheimta vistkerfi landsins sem hafa jákvæð áhrif á lífríki og sporna gegn loftslagsáhrifum. Stækka þarf verndarsvæði sem ná yfir sem flesta þætti íslenskrar náttúru.

Stjórnvöld hafa þegar sett málefni miðhálandisins í forgang með áætlun um stofnun miðhálandisþjóðgarðs á næstu árum (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 16 – Friður og réttlæti

Undir markmiði 16 eru tólf undirmarkmið og þrjú þeirra í forgangi á Íslandi. Þrátt fyrir að vera eitt friðsælasta land í heimi eru enn til staðar áskoranir er varða réttlæti. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að veita enn frekara fjármagn til að innleiða aðgerðir sem munu vinna gegn hverskyns ofbeldi. Unnið skal gegn skipulagðri brotastarfsemi og spillingu með auknu alþjóðlegu samstarfi. Vernda þarf berskjaldaða hópa og þar eru börn höfð í forgangi. Barnaverndarlög eru þegar í endurskoðun af sérstakri þingmannanefnd og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og unnið er að úttekt á stöðu barna á flóttu. Viðhorf gagnvart transfólki hefur breyst til hins betra en einstaklingar eldri en 15 ára fá í dag að skilgreina eigið kyn á eigin forsendum. Þá þarf að auka gagnsæi íslenskra stjórnvalda og auka traust almennings á stjórnámálum og stjórnsýslu. Réttarkerfi þarf að vera jafn aðgengilegt fyrir alla einstaklinga samfélagsins og þeim ekki mismunað undir neinum kringumstæðum. Réttarkerfið varð að þriggja þrepa í stað tveggja árið 2018 með stofnun Landsréttar og er í kjölfarið sterkara (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).

Markmið 17 – Samvinna um markmiðin

Undir markmiði 17 eru nítján undirmarkmið og fjögur þeirra í forgangi á Íslandi. Ekkert annað heimsmarkmið hefur að geyma jafn mörg undirmarkmið en þeim er skipt í 6 þemu: fjármál, tækni, uppbygging getu, viðskipti, kerfistengd málefni og gögn, eftirlit og ábyrgð. Mikilvægt er að „blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun og grípa til aðgerða“. Samvinna allra aðildarríkjanna, gott upplýsingaflæði og miðlun kunnáttu er mikilvæg til að ná sem bestum árangri, alls staðar í heiminum. Ísland leggur þar sitt af mörkum í baráttunni gegn fátækt í heiminum og að efla flæði fjármagns til þróunarlanda með alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Framlag Íslands til þróunarsamvinnu var 0,24% af vergum þjóðartekjum árið 2015, 0,29% árið 2017 og stefnt er að 0,35% árið 2022. Langtímamarkmiðið er að framlög skuli nema 0,7% af vergum þjóðartekjum í framtíðinni. Ísland leggur áherslu á að efla vettvang atvinnulífsins og styðja við stofnanir sem stuðla að fjárfestingum einkaaðila sem styðja við sjálfbæra þróun. Styðja þarf sjálfbæran hagvöxt og nýta þá þekkingu sem þegar er til staðar á Íslandi til að aðstoða fátttækari samfélög þar sem lífskjör eru lakari. Íslensk stjórnvöld vilja aðstoða

þróunarlöndum í að brjótast í gegnum ýmis viðskiptahindranir og aðstoða þau við að koma varningi á alþjóðlegan markað. Miðla þarf þekkingu og dreifingu umhverfisvænnar tækni og uppbyggingu innviða grunnþjónustu. Mikilvægt er að hafa samstarf og gagnkvæma ábyrgð að leiðarljósi, tryggja góða stjórnarhætti og á sama tíma hindra spillingu. Það liggur ljóst fyrir að heimsmarkmið SP krefjast samstarfs margra aðila af öllum sviðum samfélagsins, innanlands sem utan. Sautjándi og síðasta heimsmarkmiðið er ákall til allra ríkja um að standa við þær skuldbindingar sem samþykkt markmiðanna stendur fyrir. (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, e.d.-b).


4.3 Mælikvarðar, sjálfbærnisvísar og tölfræði

Heimsmarkmiðin innihalda 17 yfirmarkmið, 169 undirmarkmið og hafa verið tengd 232 mælikvörðum. Alþjóðleg sérfræðinefnd starfar innan SP (*Inter-Agency and Expert Group on SDG Indicators – IAEG-SDGs*) við að þróa alþjóðlega mælikvarða sem sjálfbærnisvísa fyrir heimsmarkmiðin og halda utan um alþjóðlegt mælaborð heimsmarkmiðanna. Tilgangur mælikvarðanna er að gefa skýra og ítarlega mynd af stöðu ríkja gagnvart markmiðunum. Á Íslandi er mikilvægt að setja mælikvarðana í íslenskt samhengi út frá þeim gögnum sem til eru. Það var því lagt í viðfangsmikla vinnu við að yfirfæra alþjóðlegu mælikvarðana að íslenskum gagnalindum í samráði við fulltrúa Hagstofunnar í verkefnastjórn. Það hefur síðan verið í höndum Hagstofunnar að halda utan um eftirfylgni, úrvinnslu tölfræðinnar og endurskoðun. Mælikvarðarnir eiga að sýna stöðu Íslands við innleiðingu heimsmarkmiðanna svo hægt sé að bera saman við aðrar þjóðir. Í stöðuskýrslunni frá 2018 fylgdi tölfræðiviðauki þar sem fjallað var um fyrstu útgáfu íslenska mælaborðsins. Mikilvægt er að endurskoða mælikvarðana stöðugt í samræmi við nýjar mælingar en alþjóðlega mælaborðið er einnig uppfært reglulega (forsætisráðuneytið, 2019b).

Verkefnastjórnin fékk til liðs við sig víðtækt net íslenskra fræðimanna af fjölmörgum sérfræðisviðum til að safna fjölda gagna í þeim tilgangi að mynda áreiðanlega íslenska gagnalind. Eftt var til samstarfs við Stofnun Sæmundar fróða hjá Háskóla Íslands um gæðamat á fyrirliggjandi gögnum þar sem unnið var með sérfræðingum á fjölmörgum fagsviðum að greiningarvinnu. Mikilvægt var að gögnin væru alþjóðlega samanburðarhæf með greinilega skilgreindum mælikvörðum til að hægt væri að sýna fram á stöðu Íslands gagnvart markmiðunum. Vinnan leiddi til útgáfu tveggja ítarlegra skýrslna, sú fyrri lagði mat á gæði þeirra

gagna sem var safnað en hún hefur nýst sem traustur grunnur fyrir frekari tölfræðivinnu tengdum markmiðunum. Seinni skýrslan lagði fram tillögur um þá aðferðafræði og forgangsröðun sem ætti við hér á landi. Styrkja þarf þær tölfræðilegu stoðir sem nú þegar eru til staðar til að draga upp skýrari mynd af stöðu Íslands (Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, 2018).


Alls hvíla 164 mælikvarðar á skilgreindri aðferðafræði hjá Hagstofu Íslands. Í stöðuskýrslu verkefnastjórnar frá 2018 er 39 blaðsíðna viðauki tileinkaður tölfræði heimsmarkmiðanna. Viðaukinn er jafnframt fyrstu drög að íslenska mælaborðinu og tekur sérstaklega fyrir 67 mælikvarða. Áhugaverðar staðreyndir hvers heimsmarkmiðs eru dregnar upp, byggðar á gögnum sem lágu fyrir við skrif skýrslunnar. Hér að neðan eru tvö gröf sem sýna þær upplýsingar sem komu fram í skýrslunni.



Mynd 3: Fjöldi mælikvarða sem hvíla á skilgreindri og óskilgreindri aðferðafræði

Myndin hér að ofan sýnir fjölda mælikvarða undir hverju heimsmarkmiði. Vert er að minnast á að tólf mælikvarðar koma fyrir tvisvar í alþjóðlegu mælaborði heimsmarkmiðanna og

Því sýnir taflan 244 mælikvarða í stað 232. Taflan greinir milli þeirra mælikvarða sem hvíla á skilgreindri og óskilgreindri aðferðafræði hjá Hagstofunni en gæðamati sem gert var í samstarfi við Stofnun Sæmundar fróða. *Markmið 3 - Heilsa og vellíðan* og *markmið 17 - Samvinna um markmiðin* eru hvor um sig með 25 alþjóðlega mælikvarða sem er það mesta undir einu markmiði. Það fyrra, *markmið 3 - Heilsa og vellíðan*, er eitt heimsmarkmiðanna sem er með alla mælikvarðana í skilgreindri aðferðafræði. Aftur á móti vantar mest upp á *markmið 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla* þar sem aðeins eru fjórir mælikvarðar af þrettán skilgreindir. Þá er *markmið 7 - Sjálfbær orka* með fæsta mælikvarða.



Mynd 4: Skipting mælikvarða með skilgreinda aðferðafræði eftir stöðu gagnasöfnunar

Mynd að ofan sýnir skiptingu þeirra mælikvarða sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði eftir stöðu gagnasöfnunar á Íslandi. Samtals sýnir myndin 179 mælikvarða en 12 þeirra koma aftur fyrir tvisvar. Í stöðuskýrslunni frá 2018 var mælikvörðunum skipt í fjóra flokka, fyrirliggjandi gögn, verið að kanna fýsileika, gögnum ekki safnað reglulega og á ekki við á Íslandi. Fjöldi þeirra mælikvarða sem hafa nú þegar fyrirliggjandi gögn er alls 67, þeir sömu og voru sérstaklega

ræddir í tölfræðiviðauka skýrslunnar. *Markmið 3 - Heilsa og vellíðan* hefur flesta mælikvarða með fyrirbyggjandi gögnum eða alls 15. Fjöldi mælikvarða sem er verið að kanna fýsileika eru 49, mest undir *markmiði 3- Heilsa og vellíðan* og *markmið 16 - Friður og réttlæti* eða 8 fyrir hvort markmið. Mælikvörðum sem er ekki safnað reglulega eru einnig 49 alls eða mest undir *markmiði 15 - Líf á landi* þar sem níu af tíu eru óskilgreindir. Mælikvarðar sem eiga ekki við á Íslandi eru 14, mest undir *markmiði 16 - Friður og réttlæti*. Það má vera vegna þess að Ísland er einstaklega framarlega á sviði friðar- og jafnréttismála og mælikvarðarnir hannaðir til að mæla árangur hjá þriðja heims ríkjum

5 Samstarfsverkefni og samvinna við hagsmunaaðila

Heimsmarkmiðin munu ekki verða að veruleika án samvinnu aðila frá öllum hliðum alþjóðasamfélagsins, ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja, félagssamtaka, fræðasamfélagsins jafnt sem einstaklinga. Íslensk stjórnvöld leggja því mikla áherslu að vera í góðu samráði við þessa aðila til að framvinda verkefnisins gangi sem best (forsætisráðuneytið, 2019b). Hér verður samvinna verkefnastjórnar við nokkra hagsmunaaðila skoðuð betur. Litið verður til þess samstarfs sem hefur verið stofnað til við sveitarfélög, fyrirtæki og félagssamtök hér á landi. Stuttlega verður litið til norræns samstarfs meðal allra Norðurlandþjóðanna og hvaða sameiginlegu áherslur liggja fyrir.

5.1 Sveitarfélög

Bæði stig stjórnsýslunnar gegna mikilvægu hlutverki við innleiðingu heimsmarkmiðanna. Samstarf við sveitarfélög er mikilvægt með hliðsjón af umfangi heimsmarkmiðanna, en áætlað er að 65% undirmarkmiðanna sé ekki hægt að innleiða hér á landi án aðkomu sveitarfélaganna. Samþætting og samræming á sveitarstjórnarstigi er í höndum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hafa fastan fulltrúa í verkefnastjórn og er það grundvöllur að samstarfi sambandsins við ríkið að innleiðingu heimsmarkmiðanna. Margir mælikvarðar ná eingöngu yfir landið í heild og kemur það því í hlut sveitarfélaga að staðfæra þá og sníða að aðstæðum á hverjum stað. Heimsmarkmiðin geta því myndað ramma um stefnur hvers sveitarfélags og þannig stutt ríkisvaldið við innleiðinguna.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að vekja athygli sveitarfélaganna á heimsmarkmiðunum og veitir þeim ráðgjöf og upplýsingar við innleiðingu þeirra. Ákveðið var í samráði við verkefnastjórnina að leggja meginlínur í stefnumörkun sambandsins að verkefninu. Öll sveitarfélög fengu bréf frá forsætisráðherra þar sem þau voru hvött til að kynna sér heimsmarkmiðin og mæta á kynningarfund sem haldinn var 15. febrúar 2019 af Sambandi íslenskra sveitarfélaga (forsætisráðuneytið, 2019b). Vel var mætt á fundinn af kjörnum

fulltrúum og starfsfólki sveitarstjórna alls staðar af landinu þar sem rætt var um heimsmarkmiðin út frá sjónarhorni sveitarfélaganna, hver tilgangur þeirra væri og hvaða tækifæri í þeim fælist. Forsætisráðherra ávarpaði fundinn og var fylgt eftir af þáverandi formanni verkefnastjórnar, Fanneyju Karlsdóttur, ásamt fleiri erindum frá nokkrum sveitarfélögum og framkvæmdarstjóra Lánasjóðs sveitarfélaga. Litið var meðal annars til úttekta sem gerð var af Norrænu byggðastofnuninni Nordregio um norræn sveitarfélög og innleiðingu heimsmarkmiðanna (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2019, 8 mars).

Stofnað var til samstarfsvettvangs sveitarfélaganna um heimsmarkmiðin og loftslagsmál þann 19. júní 2019 að fordæmi verkefnastjórnar. Tilgangur þess var til að marka sameiginlega sýn sveitarfélaganna um heimsmarkmiðin og innleiðingu þeirra. Drög að yfirlýsingu um samstarfið voru samþykkt á fundinum, um til að grípa „til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans“. Vettvangurinn er ætlaður til að nýtast samstarfsaðilum til að miðla þekkingu sinni, vinna að sjálfbærri þróun og kolefnishlutleysi (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2019, 19. júní).

Aðspurð um aðkomu sveitarfélaga að innleiðingu heimsmarkmiðanna segir Ásta (munnleg heimild, 6. apríl, 2020) málið vera flókið að mörgu leyti. Línurnar eru stundum ekki svo augljósar. Sem dæmi þá reka sveitarfélög grunnskólana en mennta- og menningarmálaráðherra setur ákveðna stefnu og leggur til fjármagn til að sinna ákveðinni þjónustu. Stóra spurningin er hvort að sveitarfélög eigi að setja sér öll sömu forgangsmarkmið og stjórnvöld eða hvort þau eigi að setja sér sín eigin markmið. Meðal sveitarfélaga eru ólíkar áherslur, mismunandi framleiðsla og ólík atvinnustarfsemi. Mögulegt er að nokkur sveitarfélög, sem eiga svipaðra hagsmuna að gæta, vinni saman að markmiðunum á ákveðnum svæðum, til að mynda á höfuðborgarsvæðinu. Þá er mikilvægt að hafa áherslur stjórnvalda til hliðsjónar en Ásta telur hvert sveitarfélag geta unnið að markmiðunum út frá sínum eigin gildum.

Samkvæmt fundargerðum á vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa tengiliðafundir samstarfsvettvangsins verið haldnir í þrjú skipti, 13. september 2019, 22. nóvember 2019 og 6. mars 2020. Fjöldmargir aðilar frá mörgum sviðum samfélagsins hafa flutt erindi á fundunum og umræður hafa myndast um hvernig sveitarfélög skuli snúa sér í þessu stóra verkefni. Höfundur ritgerðar fór á fundinn sem var haldinn 6. mars sem var haldinn á Bókasafni Mosfellsbæjar. Hægt var að skilja umræður fundarins svo að enn sé óljóst hvernig sveitarfélög skuli standa að verkefninu, hvort að hvert sveitarfélag setji sér ákveðin forgangsmarkmið eða hvort

heildarstefna alla sveitarfélaga verði sett. Innleiðingin er aftur á móti komin vel á veg hjá nokkrum sveitarfélögum, m.a. Mosfellsbæ og Kópavogi. Áhugavert verður að fylgjast með framvindu þessa viðfangsmikla verkefnis sem sveitarfélög standa frammi fyrir.

5.2 Fyrirtæki

Fyrirtæki, líkt og sveitarfélög, gegna mikilvægu hlutverki við innleiðingu heimsmarkmiðanna. Ýmis fyrirtæki á Íslandi hafa þegar sett fram áætlun um samfélagslega ábyrgð þeirra. Sum þessara fyrirtækja hafa einnig sett sér stefnumótun beintengdum heimsmarkmiðunum. Þá hefur verkefnastjórn verið í samstarfi við Festu, miðstöð um samfélagslega ábyrgð, um kynningar á heimsmarkmiðunum fyrir atvinnulífið. Festa og verkefnastjórn standa saman að fræðsludagskrá um hvernig hægt sé að vinna með markmiðin í fyrirtækjum og stofnunum. Auk þess nýtir Festa sinn vettvang, ýmsa miðla og viðburði, til að vekja athygli á markmiðunum og hvaða ávinning þau hafa fyrir fyrirtæki. Þá hefur jafnframt verið stofnað til samstarfs við Samtök atvinnulífsins um kynningu á markmiðunum fyrir fyrirtæki sem vilja tileinka sér *Global Compact* sáttmála SP (forsætisráðuneytið, 2019b).

5.3 Félagasamtök

Mörg félagasamtök hafa líkt og fyrirtæki stuðst við heimsmarkmiðin í starfi og stefnumótun. Í þeim tilgangi gerði verkefnastjórn samstarfssamning við Almannaheill, regnhlífarsamtök félagasamtaka sem starfa í þágu almannaheillar. Líkt og í samstarfi verkefnastjórnar og Festu, þá mun Almannaheill annast kynningarstarf um heimsmarkmiðin og hvetja félagasamtök til að nýta markmiðin í daglegu starfi. Saman munu verkefnastjórn og Almannaheill vinna kynningarefni og standa fyrir fræðslufundum. Ásamt Félagi Sameinuðu þjóðanna útbjó verkefnastjórn veggspjald sem var dreift til allra menntastofnana landsins með það að markmiði að vekja athygli á merkjum heimsmarkmiðanna (forsætisráðuneytið, 2019b).

5.4 Norrænt samstarf

Norrænt samstarf (e. *Nordic Co-operation*) byggir á sameiginlegum gildum Norðurlandþjóðanna og er mikilvægt í alþjóðlegu samstarfi Íslands. Samþykkt var árið 2017 af Norðurlöndunum fimm, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Íslandi, ásamt sjálfstjórnarlöndunum Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum, að vinna saman að framkvæmd og innleiðingu heimsmarkmiða SP um sjálfbæra þróun á alþjóðlegum vettvangi. Sameiginlegri

þekkingu Norðurlandanna á ýmsum sviðum sjálfbærrar orku, matvælaframleiðslu, borgarskipulags, velferðar, jafnréttis sem og aðgerða í loftslagsmálum, skal miðlað á alþjóðlegum vettvangi til að aðstoða önnur ríki við að ná árangri á þessu sviði. Norðurlöndin starfa einnig samkvæmt áætluninni *Generation 2030* sem er ætlað að styrkja samstarf ríkjanna að sameiginlegum áskorunum tengdum heimsmarkmiðunum. Þá er *markmið 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla* þungamiðja samstarfsins og einnig ein helsta áskorun Norðurlandanna. Ísland fór með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2019 og tengdi heimsmarkmiðin sérstaklega við áherslusvið sín, ungt fólk, sjálfbæra ferðaþjónustu og hafið (Nordic Council of Ministers, 2017).

Í júní 2019 var ný framtíðarsýn samþykkt á fundi ráðherranefndarinnar á Íslandi. Unnið verður að stefnunni frá 2021 til 2024. Þetta mun fela í sér ákveðna endurskipulagningu norræna samstarfsins þar sem stefnt er að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og heilðrænasta svæði í heiminum fyrir árið 2030. Saman munu Norðurlöndin stuðla að grænum hagvexti sem byggður verður á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu. Stuðlað verður að jöfnu og samtengdu svæði með sameiginlegum gildum á sviði menningar og velferðar. Með nýrri stefnumótun setti Norræna ráðherranefndin sér sameiginleg markmið til að stuðla að grænum, samkeppnishæfum og samfélagslega ábyrgum Norðurlöndum (Nordic Co-operation, 2019).

6 Landsrýni og kynning 2019

Eftirfylgni heimsmarkmiðanna á alþjóðavísu er í höndum *HLPF* (e. *High Level Political Forum*) á árlegum ráðherrafundi SP. Fundunum var sérstaklega komið á fót vegna tilskipunar *The Future We Want* skýrslunnar eftir Rio +20 ráðstefnuna 2012 og er aðal vettvangur SP um sjálfbæra þróun. Fundirnir eru haldir á vegum Efnahags- og félagsmálaráðs SP í júlí ár hvert í höfuðstöðvum SP í New York. Þar gefst aðildarríkjum tækifæri á að kynna stöðuna á innleiðingu markmiðanna heima fyrir, sem og áskoranir og framtíðarhorfur verkefnisins. Ætlast er til að hvert ríki haldi kynningu að minnsta kosti þrisvar sinnum yfir gildistíma heimsmarkmiðanna til 2030 (United Nations, e.d.-b). Meginþema fundarins árið 2019 var að *styrkja fólk og tryggja nánd og jafnrétti* en ákveðin áherslumarkmið eru sett fyrir hvert ár og eru sérstaklega til umfjöllunar á ráðherrafundinum. Áherslumarkmið ársins 2019 voru *markmið 4 - Menntun fyrir alla, markmið 8 - Góð atvinna og hagvöxtur, markmið 10 - Aukinn jöfnuður, markmið 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum, markmið 16 - Friður og réttlæti og markmið 17 - Samvinna um markmiðin* (forsætisráðuneytið og utanríkisráðuneytið, 2019).

Á Íslandi hefur verkefnastjórnin umsjón með þeirri vinnu sem fylgir að rýna í stöðu verkefnisins á Ísland, svokölluð landsrýni, sem er grunnurinn að kynningu Íslands á *HLPF* fundunum. Fyrsta kynning Íslands fór fram í júlí 2019 þar sem fyrsta landsrýnisskýrsla Íslands (e. *Voluntary National Review*) var kynnt og skilað til SP. Skýrslan byggir að mörgu leyti á vinnu verkefnastjórnar sem kom fram í stöðuskýrslunni frá 2018 og nýjustu upplýsingum Hagstofunnar. Verkefnastjórn efndi til samstarfs og samráðs við ýmsa aðila í samfélaginu við gerð skýrslunnar, meðal annars Háskóla Íslands, fyrirtæki, félagasamtök og stéttarfélög. Drög að landsrýniskýrslunni á íslensku voru sett í rafræna samráðsgátt stjórnvalda þar sem almenningur gat komið með ábendingar og athugasemdir við skýrsluna, sem hjálpaði við að móta lokadrögin. Skýrslan tekur fyrir innleiðingu íslenskra stjórnvalda á heimsmarkmiðunum innanlands og þáttöku Íslands í innleiðingu á erlendum vettvangi. Hvert markmið er tekið fyrir sérstaklega, rætt er um framtíðarsýn, næstu skref verkefnisins og tölfræðilegar upplýsingar (forsætisráðuneytið, 2019b). Ásta, formaður verkefnastjórnar (munnleg heimild, 6. apríl 2020)

segir að kynningin á *HLPF* fundinum standi ef til vill mest upp úr í öllu ferlinu frá því að Ísland byrjaði að innleiða markmiðin. Undirbúningur kynningarinnar var tækifæri til að taka góða stöðu á því hvar verkefnið var stöðugt og var auk þess virkilega hvetjandi.

Í landsrýniskýrslunni sem Ísland skilaði til SP er því lýst yfir að Ísland sé fullkomlega skuldbundið því að fylgja *Stefnumálum 2030* sem heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun eru byggð á. Heimsmarkmiðin séu nú þegar notuð sem leiðarvísir í helstu stefnumálum ríkisins og unnið sé að samvinnu við sveitarfélög og fyrirtæki. Áhersla hefur verið á að byggja upp friðsælt og réttlátt samfélag, án ótta og ofbeldis þar sem sérstaklega er horft til jaðarhópa. Unnið er að því að minnka umhverfisfótsporið en stefnt er að því að Ísland verði kolefnishlutlaust fyrir árið 2040. Ísland hefur nú þegar náð mörgum þeirra markmiða sem heimsmarkmiðin setja fyrir á sviði jafnréttis, landgræðslu og framleiðslu sjálfbærrar orku og áhersla hefur verður lögð á að miðla þekkingunni og efla til samvinnu við önnur ríki til að ná fram svipuðum árangri. Þá skipa mannréttindi sérstakan sess í utanríkisstefnu Íslands sem og að útrýma fátækt og hungri í heiminum. Landsrýniskýslan fjallar um hvernig unnið var að forgangsröðun markmiðanna og hvernig öflun gagna hefur gengið í samvinnu við Hagstofuna. Fjallað er um mikilvægi samvinnu við ýmsa hagsmunaaðila, einstakt starf ungmennaráðs heimsmarkmiða SP og þá áherslu stjórnvalda að hlýða á álit landsmanna. Þá var fjallað um áherslur og áskoranir hvers heimsmarkmiðs líkt og stöðuskýrsla verkefnastjórnar setti fram (Government of Iceland, 2019).

Fulltrúar Íslands á ráðherrafundi *HLPF* 2019 voru Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Edda Sif Pind Aradóttir frá verkefninu CarbFix, sem starfar undir Orkuveitu Reykjavíkur, og þau Kristbjörg Meekín Helgadóttir og Sigurður Einarsson Mäntylä frá Ungmennaráði heimsmarkmiða SP. Í erindi Katrínar á fundinum kynnti hún stöðuna á Íslandi við innleiðingu heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun samkvæmt landsrýniskýrslunni. Hún fjallaði um árangurinn og þær helstu áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir og minntist sérstaklega á loftslagsbreytingar í því sambandi og áhrif þeirra á landið, vistkerfið, hagkerfið og samfélagið í heild. Katrín leggur áherslu á að hlusta á ungmenni og að taka til aðgerða. Þá kallaði hún eftir samvinnu allra ríkja til að tækla stærstu áskorunina sem heimurinn stendur frammi fyrir, loftslagsbreytingar sem spyr ekki um landamæri eða uppruna (Katrín Jakobsdóttir, 2019). Eftirfarandi tilvitnun er þýdd úr ræðu Katrínar.

Til að ná árangri í baráttunni gegn loftslagsbreytingum þurfum við að leiðrétta ójafnvægi milli kynslóða og það efnahagslega ójafnrétti sem innbyggt er í vandann. Við þurfum á félagslegu réttlæti að halda, við þurfum á friði að halda og við þurfum að ná jafnrétti kynjanna. Stjórnvöld, nærsamfélög, atvinnulífið, félagasamtök, menntakerfið og almenningur þurfa öll að vinna saman. Og við þurfum á alþjóða samvinnu að halda meira en nokkru sinni fyrr. (Forsætisráðuneytið og utanríkisráðuneytið, 2019)

Ísland stóð fyrir tveimur hliðarviðburðum samhliða *HLPF* fundinum í tilefni alþjóðadags kunnáttu ungmenna (e. *World Youth Skills Day*). Fyrri viðburðurinn var haldinn í samstarfi við Malaví, sem er samstarfsland Íslands í þróunarsamvinnu, þar sem fjallað var um menntun og atvinnuþátttöku ungmenna í Afríku. Seinni viðburðurinn var í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina þar sem fjallað var um ungmenni, loftslagsaðgerðir og lýðræði en nauðsynlegt er að tryggja ungmendum aðgengi að menntun og greiða leið inn á atvinnumarkaðinn (utanríkisráðuneytið, 2019b).

Þátttaka yngri kynslóða við innleiðingu heimsmarkmiðanna er nauðsynleg til að ná árangri. Þá telja fulltrúar ungmennaráðsins rödd unga fólksins skipta einna mestu máli og með erindi Kristbjargar og Sigurðar á ráðherrafundi *HLPF* komu þau rödd ungmenna Íslands til skila til SP. „Svo lengi sem það er einhver tilbúinn að hlusta af alvöru tel ég að rödd okkar geti alltaf haft áhrif“ segir Kristbjörg. Ungmenni eiga að fá að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem eru teknar um framtíðina. Það er mikilvægt að ungmenni haldi áfram að láta í sér heyra þrátt fyrir að stundum virðist sem enginn sé að hlusta. Þær pólitísku ákvarðanir sem eru teknar í dag hafa áhrif á framtíð ungmenna og því eiga þau rétt á að láta í ljós skoðun sína á þessum ákvörðunum (utanríkisráðuneytið, 2019b).

7 Kópavogsbær

Tilvalið er að líta á eitt dæmi þar sem sérstaklega hefur verið unnið með heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun á þrengri vettvangi. Ýmsir aðilar, stofnanir, einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög hafa tekið upp á því sjálf að vinna eftir heimsmarkmiðunum enda ná þau yfir gríðarlega vítt svið samfélagsins. Kópavogsbær er eitt fyrsta sveitarfélagið sem hefur unnið markvisst með heimsmarkmið SP við stefnumótun og markmiðasetningu. Bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkti haustið 2018 að innleiða nýja heildstæða stefnu með heimsmarkmiðin að leiðarljósi. Markmið nýju stefnunnar er að tryggja lífsgæði íbúa Kópavogs og að bærinn leggi sitt af mörkum við innleiðingu heimsmarkmiðanna. Lögð verður áhersla á skilvirkni og árangur í stefnumarkandi áætlunum þar sem sett verða mælanleg markmið. Gert er ráð fyrir að innleiðing stefnunnar verði lokið árið 2023. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur sett á laggirnar alþjóðlegt verkefni um innleiðingu heimsmarkmiðanna hjá sveitarfélögum og tekur Kópavogsbær þar virkan þátt. OECD hefur þróað mælikvarða og veitir ráðgjöf til þátttakenda verkefnisins (Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun, 2019).

Þessi stefna Kópavogsbæjar er samsett úr fjórum þáttum, hlutverki, framtíðarsýn, gildum og yfirmarkmiðum. Í hlutverkum Kópavogsbæjar felst að tryggja íbúum framúrskarandi þjónustu og góð lífsgæði. Áhersla er lögð á kröftugt atvinnulíf, ábyrgan rekstur og gott mannlíf. Í framtíðarsýn Kópavogsbæjar felst að bærinn verði eftirsóknarverður staður fyrir einstaklinga að búa í og fyrir fyrirtæki að reka starfsemi. Veita á framúrskarandi þjónustu þar sem hugað er að heilsu, líðan og velferð allra íbúa og bjóða upp á afburða menntastofnanir. Þróa á lýðræðislegt borgarasamfélag í návist við náttúru þar sem sýnd er umhverfisleg og samfélagsleg ábyrgð og stutt við nýsköpun og tækninýjungar. Þá eru gildi Kópavogsbæjar *umhyggja, framsækni, virðing og heiðarleiki* og eiga allar ákvarðanir teknar með hagsmuni íbúa bæjarins að leiðarljósi (Kópavogsbær, e.d.).

Bæjarstjórn setti sér 36 markmið sem voru fengin af listum undirmarkmiða fimmtán af sautján heimsmarkmiða. Við val á markmiðunum var horft til þriggja þátta, forgangsmarkmiða ríkisstjórnar Íslands, afstöðu Heimssambands sveitarfélaga (e. *United Cities and Local*

Governments) til heimsmarkmiðanna og einnig til þeirra verkefna sem Kópavogsbær hafði þegar skuldbundið sig til að framkvæma. Markmiðin tengjast mörgum þáttum samfélagsins. Sérstök áhersla er lögð á *heimsmarkmið 11 - Sjálfbærar borgir og samfélög* þar sem alls sjö undirmarkmið eru sett í forgang hjá Kópavogsbæ. Þetta ellefta heimsmarkmið SP beinist sérstaklega að sveitarfélögum og því skiljanlegt að Kópavogur styðjist sérstaklega við það. Þau tvö heimsmarkmið sem Kópavogur leggur enga áherslu á eru *markmið 2 - Ekkert hungur og markmið 7 - Sjálfbær orka* (Kópavogsbær, e.d.).

Upplýsingakerfi fyrir almenning til að fylgjast með árangri verkefnisins er í þróun. Kópavogsbær hefur útbúið mælikvarða og tekið upp ISO staðal nr. 37120, sem er notaður til að mæla þjónustu sveitarfélaga. Kópavogsbær hefur tekið upp mælingar samkvæmt staðlinum í tengslum við stefnumótun sveitarfélagsins en stjórnýsla Kópavogsbæjar hefur undanfarin ár starfað í samræmi við ISO 9001 staðallinn. Einnig hefur verið notast við vísitölu félagslegra framfara (VFF) við greiningu ytra umhverfis í stefnumótunarferlinu en hún endurspeglar hæfni samfélaga til að mæta grunnþörfum íbúa. „Vísitalan er heildstæður mælikvarði byggður upp af samfélagslegum og umhverfislegum vísnum sem ná yfir þrjár víddir félagslegra framfara.” VFF er gagnlegt verkfæri fyrir Kópavogsbæ við að innleiða markmiðin í stefnu bæjarins (Kópavogsbær, e.d.).

8 Niðurlag

Hér hefur verið fjallað um innleiðingu heimsmarkmiða SP um sjálfbæra þróun á Íslandi fram til ársins 2020. Litið hefur verið til áherslna íslenskra stjórnvalda á fyrsta þriðjung gildistíma markmiðanna, hver staða verkefnisins er árið 2020 og hvernig haldið verður áfram með þetta viðamikla verkefni. Heimsmarkmiðin eru samstarf allra aðildarríkja SP með það að markmiði að bæta framtíðarhorfur allra einstaklinga, útrýma fátækt og stuðla að sjálfbærri framtíð, svo fátt eitt sé nefnt. Ísland hefur að öllu jöfnu staðið sig vel að innleiðingu markmiðanna og mörg verkefni nú þegar borið árangur.

Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar eftir seinni heimsstyrjöld í því skyni að viðhalda friði og öryggi í heiminum og tryggja alþjóðlega samvinnu. Ísland gekk í samtökin árið 1946 og hefur tekið virkan þátt í starfi þess, meðal annars á sviði mannréttindamála og í umræðum um málefni hafsins. Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun voru samþykkt af öllum aðildarríkjum árið 2015 og tóku við af þúsaldarmarkmiðunum, sem unnið hafði verið að frá aldamótunum 2000. Heimsmarkmið SP eru sautján, gríðarlega víðtæk markmið sem stefnt er að ná fyrir árið 2030. Meginþemu þeirra eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf og eru markmiðin hönnuð til að ná utan um flestar hliðar alþjóðlegs samfélags. Heimsmarkmiðin leggja áherslu á samstarf ríkisstjórna, fyrirtækja og samfélags með aðgerðum innan hvers lands og í alþjóðlegri samvinnu sem á sér enga hliðstæðu. Mikilvægt er að fylgjast með framgangi verkefnisins í alþjóðlegu samhengi og til þess hefur sérstakt mælaborð verið hannað. Hagstofan hefur unnið að því að samræma mælikvarðana að íslenskum gagnalindum og gera þau alþjóðlega samanburðarhæf en það er mikilvægt til að fylgjast með árangrinum.

Íslensk stjórnvöld hófu innleiðingu markmiðanna hér á landi árið 2017. Stofnuð var sérstök verkefnastjórn til að hafa umsjón með verkefninu, að frumkvæði forsætisráðuneytisins og sér verkefnastjórnin um greiningu, kynningu og framfylgni heimsmarkmiðanna á Íslandi. Verkefnastjórnin er vettvangur samstarfs um stefnu og áætlanagerð stjórnarráðsins. Hún heldur utan um samstarf við ýma hagsmunaaðila og tekur reglulega stöðu á framgangi innleiðingarinnar. Heimsmarkmiðin eru einstaklega víðtæk og krefjast jafnvægis milli

félagslegra-, efnahagslegra- og umhverfissjónarmiða enda ná þau yfir breitt svið samfélags og umhverfis. Til að innleiðing heimsmarkmiðanna væri sem skilvirkust lagði verkefnastjórnin til forgangsöröðun undirmerkmíðanna í innlendra stöðuskýrslu árið 2018. Markmiðin voru metin út frá stefnu ríkisstjórnarinnar, hversu vel þau áttu við á Íslandi, hversu mikla vinnu hvert markmið krafðist og hvaða heimildir væru til um stöðu markmiðs í samfélaginu. Stöðuskýrslan veitir mikilvæga innsýn í stöðu Íslands gagnvart markmiðunum á innlendum og erlendum vettvangi og hefur verið grunnur að vinnu tengdum markmiðunum frá útgáfu hennar. Hér á landi hefur mörgum þeirra undirmerkmíða, sem heimsmarkmiðin leggja fram, þegar verið náð enda stendur Ísland mjög framarlega á mörgum sviðum, meðal annars á sviði mannréttinda- og jafnréttismála og nýtingu sjálfbærrar orku. Unnið verður að því að gera enn betur, ná meiri árangri og miðla þeirri reynslu sem er til staðar á Íslandi til annarra þjóða.

Íslensk stjórnvöld samþykktu að forgangsraða 65 af 169 undirmerkmíðum heimsmarkmiðanna út frá áherslum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Forgangsmarkmiðin verða endurskoðuð á tveggja ára fresti til að innleiðingin verði sem árangursríkust. Verkefnið gengur þvert á öll ráðuneyti og unnið er að því að allar nýjar stefnur og áætlanir verði byggðar á heimsmarkmiðunum en ekki bætt inn eftir á. Bæði stig stjórnsýslunnar, ríkisstjórn jafnt sem sveitarfélög, gegna mikilvægu hlutverki og er því samvinna þessara aðila nauðsynleg. Unnið er að því að móta stefnu, hver þátttaka sveitarfélaga er að verkefninu og hvernig heimsmarkmiðin skuli innleidd á sveitarstjórnarstigi. Þá er gríðarlega mikilvægt að hagsmunaaðilar komi að þróun og framkvæmd verkefna sem snúa að ákveðnum hópum samfélagsins. Í því skyni hefur verkefnastjórnin efnt til samstarfs meðal annars við Samband íslenskra sveitarfélaga, Festu, Samtök atvinnulífsins og Almannaheill. Þá vinna Norðurlöndin einnig saman að framkvæmd og innleiðingu heimsmarkmiðanna á alþjóðlegum vettvangi. Mörgum verkefnum hefur þegar verið hrundið af stað til að ná heimsmarkmiðunum bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi en samvinna allra aðildarríkja SP er sérstaklega mikilvæg til að sem bestum árangri verði náð fram til ársins 2030.

Meðal þeirra verkefna sem verkefnastjórn hefur stofnað til hér á landi er stofnun ungmennaráðs sem vinnur sérstaklega með heimsmarkmið SP. Ungmennaráðið samanstendur af krökkum alls staðar af landinu og hefur að markmiði að vekja athygli á heimsmarkmiðunum, en þau hafa einnig beitt sér fyrir einstökum málefnum. Einn meðlimur ungmennaráðsins situr sem áheyrnarfulltrúi í verkefnastjórn þar sem ungmenni eru einn helsti hagsmunaaðili

heimsmarkmiðanna. Að hlusta á raddir ungmenna hefur verið meðal áherslna stjórnvalda og var það til að mynda í forgrunni hjá Íslandi á fyrsta *HLPF* fundinum árið 2019. Þá fóru tveir meðlimir ungmennaráðsins með Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra, á fundinn og héldu erindi um mikilvægi þátttöku ungmenna við framkvæmd heimsmarkmiðanna.

Þá hefur verkefnastjórn gefið út kynningarefni til að vekja athygli á heimsmarkmiðunum í samfélaginu. Íslendingar hafa samkvæmt skoðanakönnunum Gallup orðið meðvitaðri um heimsmarkmiðin eftir því sem tímanum líður en fyrsta kynningarherferðin, *Segjum góðar fréttir 2030*, hafði mikið að segja. Mikil umræða hófst á sama tíma um mikilvægi sjálfbærrar þróunar og hefur vitundarvakning landsmanna um það málefni hjálpað mikið við innleiðingu markmiðanna. Sérstakt kynningarefni er í bígerð fyrir börn og ungmenni en þættirnir *Heimsmarkmið Elízu* vöktu mikla lukku. Þar ferðaðist íslenskt ungmenni til Úganda og kynnti sér umhverfi og líf jafnaldra sinna þar út frá sjónarmiði heimsmarkmiða SP. Þá eru upplýsingar aðgengilegar á sérstakri íslenskri heimsmarkmiðagátt sem nýtast sem hugmyndabanki og vettvangur til að koma verkefnum sveitarfélaga, fyrirtækja jafnt sem einstaklinga á framfæri.

Fjöldmörg tækifæri felast í innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi. Heimsmarkmiðin sautján eru sterklega tengd innbyrðis og hefur árangur eins markmiðs áhrif á framvindu annars. Þar af leiðandi þarf að vinna að öllum markmiðunum á heildstæðan hátt. Íslensk stjórnvöld hafa lagt sérstaka áherslu á að hjálpa fólki sem stendur höllum fæti í samfélaginu og útrýma hverskonar misrétti. Velferð og réttindi barna eru sérstaklega afgerandi í áherslum stjórnvalda sem og velferð fólks sem tilheyrir ýmsum jaðarhópum. Allir skuli hafa rétt á jöfnum tækifærum og framfærsla allra landsmanna skulu vera tryggð. Unnið er að því að bæta almenna þjónustu fyrir almenning, meðal annars mönnun starfsfólks á sviði mennta- og heilbrigðismála. Mikilvægt er að notkun sjálfbærrar orku verði hlutfallslega meiri, að losun gróðurhúsalofttegunda verði haldið í lágmarki og að öll atvinnustarfsemi sé í sátt við náttúru og samfélag. Áhersla er á minnka vistspor Íslendinga, gera samfélög sjálfbærari, auka framboð á húsnæði og efla umhverfisvænni samgöngum. Vernda þarf auðlindir og vistkerfi landsins, bæði á sjó og landi, meðal annars með því að styrkja fiskistofna og endurheimta votlendi. Mörg verkefni eru í sigtinu og ljóst að ærið verkefn er fyrir hendi.

Ísland hélt sína fyrstu kynningu um stöðu innleiðingar heimsmarkmiðanna á *HLPF* fundinum í júlí árið 2019. Sérstök innlend landsrýniskýrsla var unnin þar sem staðan á verkefninu var tekin, hvernig innleiðingin hefði gengið fram að þessu, bæði hér á landi sem og þátttaka í alþjóðlegum

verkefnum. Líkt og innleiðingin sjálf, þá var landsrýniskýrslan samstarf aðila alls staðar af úr íslensku samfélagi. Undirbúningsvinnan var góð hvatning til að setja enn meiri kraft í þetta stóra verkefni og voru næstu skref útlistuð. Ísland er fullkomlega skuldbundið innleiðingu markmiðanna og styðst við þau í helstu stefnum og áætlunum. Þátttaka Íslands á *HLPF* fundinum gekk vel þar sem Katrín Jakobsdóttir sagði frá áherslum Íslands, sem voru meðal annars mikilvægi þess að hlusta á og virkja ungmenni almennt. Heimsmarkmiðin eru fyrir framtíð þeirra og komandi kynslóðir.

Kópavogsbær er einn þeirra aðila sem hafa unnið með heimsmarkmiðin og gert þau að sínum. Bærinn hefur myndað sér sérstaka stefnu út frá áherslum sveitarfélagsins og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Stefnan endurspeglar gildi bæjarins og er ákveðin hvatning fyrir starfsfólk sem og íbúa Kópavogs að vinna að betri framtíð. Heimsmarkmiðin eru því tækifæri allra í samfélaginu til að takast á við alhliða áskoranir og getur hver sem er lagt hönd á plóg. Innleiðing heimsmarkmiða SP um sjálfbæra þróun hefur gengið vel á Íslandi og á þessum fyrsta þriðjungi gildistíma markmiðanna hefur mikilvæg grunnvinna verið unnin. Ísland sem velferðarríki hefur ef til vill eitthvert forskot á við margar þjóðir en það er engin ein rétt leið til að innleiða markmiðin. Ísland hefur einfaldlega fundið sína leið að takmarkinu. Frá og með 2020 virðist verkefnastjórnin ætla að halda áfram því góða starfi sem hefur verið unnið og tengja enn fleiri aðila að verkefninu. Innleiðing heimsmarkmiða SP er ekki verkefni fárra, þau eru samvinna allra í samfélaginu.

Heimildaskrá

- Allsherjarþingið. (2019). Sótt af <https://unric.org/is/allsherjarthingid/>
- Efnahags- og félagsmálaráðið. (2019). Sótt af <https://unric.org/is/efnahags-og-felagsmalaradid/>
- Forsætisráðuneytið. (2019a). Ungmennaráð heimsmarkmiðanna fundar með ríkisstjórninni. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/03/15/Ungmennarad-heimsmarkmida-fundar-med-rikisstjorninni/>
- Forsætisráðuneytið. (2019b). Landrýni Íslands 2019. Sótt af [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1374](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1374)
- Forsætisráðuneytið og utanríkisráðuneytið. (2019, 16. júlí). Forsætisráðherra kynnrir innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna á ráðherrafundi SP í New York. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/07/16/Forsaetisradherra-kynnir-innleiðingu-Islands-a-heimsmarkmidum-Sameinudu-thjodanna-a-radherrafundi-STh-i-New-York/>
- Government of Iceland. (2019). *Iceland's Implementation of the 2030 Agenda for Sustainable Development Voluntary National Review*. Reykjavík: Prime Minister's Office.
- heimsmarkmiðin. (2019, 30. janúar). *Heimsmarkmið Elízu – Þáttur 1* [myndskeið]. Sótt af https://www.youtube.com/watch?v=ChF0-ux2_G4&t=17s
- Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun (e.d.-a). Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Sótt af <https://www.heimsmarkmidin.is/default.aspx?pageid=5e68093e-5170-11e9-9439-005056bc530c>
- Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun. (e.d.-b). Heimsmarkmiðin. Sótt af <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/>
- Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun. (e.d.-c). Merki heimsmarkmiðanna. Sótt af <https://www.heimsmarkmidin.is/default.aspx?pageid=5c967109-0df1-44fd-a8a5-fbf11e1f8b9>
- Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun. (2019, 16. ágúst). Heimsmarkmiðin í Kópavogi. Sótt af <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/verkefni/stakt-verkefni/?itemid=dac752d8-c01b-11e9-9446-005056bc530c>

- Katrín Jakobsdóttir. (2019). Kynning Íslands á innleiðingu heimsmarkmiðanna (Voluntary National Review). Sótt af <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/kynning%20Íslands%20á%20innleiðingu%20heimsmarkmiðanna2.pdf>
- Kópavogsbær. (e.d.). Heimsmarkmiðin í Kópavogi. Sótt af <https://www.kopavogur.is/heimsmarkmidin#heimsmarkmid-14-lif-i-vatni>
- Lautensach, S. K. (2020). United Nations Development Goals. Í Encyclopædia Britannica. Sótt af <https://www.britannica.com/topic/United-Nations-Millennium-Development-Goals>
- Lynch, C. M., Fomerand, J. og Mingst, K. (2020). United Nations. Í Encyclopædia Britannica. Sótt af <https://www.britannica.com/topic/United-Nations#ref12399>
- Nordic Co-operation. (2019, 20. ágúst). Our Vision 2030. Sótt af <https://www.norden.org/en/declaration/our-vision-2030>
- Nordic Council of Ministers. (2017). *Generation 2030: Programme Description 2017-2020*. Sótt af <https://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1153406/FULLTEXT01.pdf>
- Sachs, J. (2015). *The age of sustainable development* New York : Columbia University Press, 2015.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2019, 8. mars). Upptökur af kynningarfundum um heimsmarkmiðin. Sótt af <https://www.samband.is/frettir/stjornsysla/mikill-ahuga-a-heimsmarkmidunum-hja-sveitarfelogum>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2019, 19 júní). Fundargerð stofnfundar samstarfsvettvangs sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál. Sótt af: <https://www.samband.is/media/heimsmarkmidin/Fundargerð-stofnfundar-endanleg.pdf>
- Sameinuðu þjóðirnar. (1987). Brundtland, G. H. (ritsj.). *Our Common Future*. Report of the World Commission on Environment and Development. Oxford: Oxford University Press.
- Sameinuðu þjóðirnar. (1992). Agenda 21. Rio de Janeiro: United Nations.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.-a). Ísland og Sameinuðu þjóðirnar. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/althjodamal/um-althjodastofnanir/island-og-sth/>
- Stjórnarráð Íslands (e.d.-b). Um sendiskrifstofu. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/sendiskrifstofur/fastanefn-islands-hja-sameinudu-thjodunum/um-sendiskrifstofu/>

Stjórnarráð Íslands (2018, 16. janúar). Ungmennráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/01/16/Ungmennarad-Heimsmarkmida-Sameinudu-thjodanna/>

UNDP (e.d.) Background of the Sustainable Development Goals. Sótt af

<https://www.undp.org/content/undp/en/home/sustainable-development-goals/background.html>

United Department of Public Information. (2015). Historic New Sustainable Development Agenda Unanimously Adopted by 193 UN Members. Sótt af

https://sustainabledevelopment.un.org/content/documents/8371Sustainable%20Development%20Summit_final.pdf

United Nations. (e.d.). SDG Indicators. Sótt af

<https://unstats.un.org/sdgs/indicators/indicators-list/>

United Nations. (e.d.-b). High-Level Political Forum. Sótt af

<https://sustainabledevelopment.un.org/hlpf>

United Nations. (2012). The Future We Want. Rio de Janeiro: United Nations.

United Nations. (2015). United Nations Summit on Sustainable Development: Informal summary. New York: United Nations.

Utanríkisráðuneytið. (2019a). Heimsmarkmiðagátt opnuð. Sótt af

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/utanrikisraduneytid/heimsljos/frettir/stok-frett/2019/07/03/Heimsmarkmidagatt-opnud/>

Utanríkisráðuneytið. (2019b). Ungmenn í forgrunni á fundi um heimsmarkmiðin. Sótt af

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/utanrikisraduneytid/heimsljos/frettir/stok-frett/2019/07/15/Ungmenni-i-forgrunni-a-fundi-um-heimsmarkmidin/>

Utanríkisráðuneytið og forsætisráðuneytið. (2019, 26. september). Verkefni vetrarins rædd á fundi nýskipaðs ungmennaráðs heimsmarkmiðanna. Sótt af

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/09/26/Nyskipad-ungmennarad-heimsmarkmidanna-kemur-saman-i-fyrsta-sinn/>

Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. (2018). Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun: Stöðuskýrsla. Sótt af

<https://www.heimsmarkmidin.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=10adb4fe-7989-11e8-942c-005056bc530c>

Öryggisráðið. (2019). Sótt af <https://unric.org/is/oryggisradid/>

Viðauki 1 – Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

- 1: **Engin fátækt.** Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar.
- 2: **Ekkert hungur.** Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.
- 3: **Heilsa og vellíðan.** Stuðla að heilbrigðu lífi og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.
- 4: **Menntun fyrir alla.** Tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi.
- 5: **Jafnrétti kynjanna.** Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað.
- 6: **Hreint vatn og hreinlætisaðstaða.** Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu.
- 7: **Sjálfbær orka.** Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á við- ráðanlegu verði.
- 8: **Góð atvinna og hagvöxtur.** Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
- 9: **Nýsköpun og uppbygging.** Byggja upp trausta innviði, stuðla að sjálf- bærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.
- 10: **Aukinn jöfnuður.** Draga úr ójöfnuði í heiminum.
- 11: **Sjálfbærar borgir og samfélög.** Gera borgir og íbúðarsvæði örugg, sjálfbær og öllum aðgengileg.
- 12: **Ábyrg neysla og framleiðsla.** Sjálfbær neysla og framleiðsla.
- 13: **Aðgerðir í loftslagsmálum.** Bráðaaðgerðir gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
- 14: **Líf í vatni.** Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt.
- 15: **Líf á landi.** Vernda, endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórnun skóga, berjast gegn eyðimerkur- myndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.

16: Friður og réttlæti. Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla jarðarbúa, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skil- virkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum.

17: Samvinna um markmiðin. Blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun og grípa til aðgerða.

Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. (2018).

Viðauki 2 – Forgangsmarkmið Íslands

Markmið 1 – Engin fátækt

- 1.1 - Eigi síðar en árið 2030 hafi sárrí fátækt verið útrýmt alls staðar. Miðað verði við að enginn hafi minna á milli handanna en sem nemur 1,25 bandaríkjadöllum á dag til að famfleyta sér
- 1.2 - Eigi síðar en árið 2030 búi a.m.k. helmingi færri karlar, konur og börn, óháð aldri, við fátækt eins og hún er skilgreind í hverju landi.

Markmið 2 – Ekkert hungur

- 2.1 - Eigi síðar en árið 2030 hafi hungri verið útrýmt og aðgengi allra tryggt, einkum fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu, þar á meðal ungbarna, að nægum, öruggum og næringarríkum mat allt árið um kring.

Markmið 3 – Heilsa og vellíðan

- 3.1 - Eigi síðar en árið 2030 verði dauðsföll af völdum barnsburðar í heiminum komin niður fyrir 70 af hverjum 100.000 börnum sem fæðast á lífi.
- 3.2 - Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir nýburadauða og andlát barna undir fimm ára aldri, sem unnt er að afstýra, og stefnt að því að öll lönd nái tíðni nýburadauða niður í 12 af hverjum 1.000 börnum sem fæðast á lífi og dánartíðni barna undir fimm ára aldri að minnsta kosti niður í 25 af hverjum 1.000 börnum sem fæðast á lífi.
- 3.4 - Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.
- 3.5 - Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.
- 3.6 - Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.
- 3.7 - Eigi síðar en árið 2030 verði tryggður almennur aðgangur að heilbrigðisþjónustu á sviði kynheilbrigðis, meðal annars fyrir þá sem ætla að stofna fjölskyldu, og fræðsla og upplýsingagjöf veitt því tengdu. Tryggt verði að kynheilbrigði verði fellt inn í landsáætlanir.

Markmið 4 – Menntun fyrir alla

- 4.1 - Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir ljúki góðri grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli án endurgjalds til að öðlast viðeigandi og gagnlega menntun.
- 4.4 - Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta

gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.

- 4.7 - Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
- 4.A - Byggð verði upp og endurbætt aðstaða til menntunar fyrir börn, óháð kyni, svo að allir geti lært í öruggu og friðsamlegu umhverfi án aðgreiningar, fatlaðir sem aðrir.
- 4.C - Eigi síðar en árið 2030 verði framboð á menntuðum og hæfum kennurum aukið verulega, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu um kennaramenntun í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin og smáeyríkjum.

Markmið 5 – Jafnrétti kynjanna

- 5.1 - Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.
- 5.2 - Hvers kyns ofbeldi gagnvart konum og stúlkum á opinberum vettvangi sem og í einkalífi, þ.m.t. mansal, kynferðisleg misneyting og misneyting af öðru tagi, verði ekki liðið og regluverk sem styður við ofbeldi afnumið.
- 5.3 - Allir skaðlegir siðir, eins og barnahjónabönd, snemmbúin og þvinguð hjónabönd og limlesting kynfæra kvenna og stúlkna, verði lagðir niður.
- 5.5 - Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.

Markmið 6 – Hreint vatn og hreinlætisaðstaða

- 6.1 - Eigi síðar en árið 2030 standi öllum til boða heilnæmt drykkjarvatn á viðráðanlegu verði hvar sem er í heiminum.
- 6.2 - Eigi síðar en árið 2030 hafi allir jafnan aðgang að fullnægjandi hreinlætisaðstöðu og enginn þurfi að ganga örna sinna utan dyra. Í þessu tilliti verði sérstaklega hugað að þörfum kvenna og stúlkna og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu.
- 6.3 - Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.
- 6.5 - Eigi síðar en árið 2030 verði stjórnun vatnsauðlinda samþætt á öllum sviðum, meðal annars með samstarfi yfir landamæri eftir því sem við á.
- 6.6 - Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.
- 6.B - Stutt verði við byggðarlög til að bæta vatnsstjórnun og hreinlæti.

Markmið 7 – Sjálfbær orka

- 7.2 - Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.

Markmið 8 – Góð atvinna og hagvöxtur

- 8.1 - Viðhaldið verði hagvexti á hvern einstakling í samræmi við aðstæður í hverju landi og að minnsta kosti 7% vexti vergrar landsframleiðslu á ári í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.
- 8.2 - Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuafsfrekum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.
- 8.4 - Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekjurikin í fararbroddi.
- 8.5 - Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.
- 8.9 - Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.

Markmið 9 – Nýsköpun og uppbygging

- 9.1 - Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.
- 9.5 - Vísindarannsóknir verði eflaðar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.
- 9.C - Aðgengi að upplýsinga- og fjarskiptatækni verði aukið verulega og lagt kapp á að almenningur hafi aðgang að netinu á viðráðanlegu verði í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.

Markmið 10 – Aukinn jöfnuður

- 10.2 - Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnámum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.
- 10.3 - Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.

Markmið 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög

- 11.1 - Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.
- 11.2 - Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.
- 11.4 - Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.

- 11.6 - Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.
- 11.A - Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaðpróun á landsvísu og innan svæða.

Markmið 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla

- 12.1 - Hrunðið verði í framkvæmd tíu ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu þar sem öll lönd, með hátekjuríkin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.
- 12.2 - Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.
- 12.7 - Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.
- 12.C - Óhagkvæmar niðurgreiðslur vegna jarðefnaeldsneytis, sem ýta undir sóun, verði færðar til betri vegar með því að aflétta markaðshömlum, í samræmi við innlendar aðstæður, meðal annars með því að endurskipuleggja skattlagningu og leggja niðurgreiðslur niður í áföngum í ljósi skaðlegra umhverfislegra áhrifa. Tekið verði fullt tillit til sérparfa og aðstæðna þróunarlanda og haldið í skefjum aðgerðum sem gætu haft skaðleg áhrif á þróun fátækra samfélaga.

Markmið 13 – Aðgerðir í lofstlagsmálum

- 13.2 - Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.
- 13.A - Efnd verði fyrirheit hátekjuríkja um 100 milljarða dala framlag, bæði frá hinu opinbera og einkaaðilum, í því skyni að aðstoða þróunarlönd við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að gagnsæjum aðgerðum. Jafnframt verði unnið sem fyrst að fjármögnun Græna loftslagssjóðsins svo að hann geti starfað af fullum krafti.

Markmið 14 – Líf í vatni

- 14.1 - Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.
- 14.2 - Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.
- 14.3 - Unnið gegn súrnun sjávar og skaðlegum áhrifum haldið í skefjum, t.d. með því að efla vísindasamstarf á því sviði.
- 14.7 - Eigi síðar en árið 2030 hafi þau þróunarlönd sem eru smáeyríki og þau sem skemmst eru á veg komin hlotið efnahagslegan ávinning af sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda, meðal annars með því að ástunda sjálfbæra stjórn fiskveiða, sjálfbært fiskeldi í sjó og sjálfbæra ferðapjónustu.
- 14.C - Vernda og efla sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess með því að framfylgja alþjóðalögum, sbr. ákvæði þar að lútandi í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna þar

sem kveðið er á um varðveislu og sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess og nefnt er í 158. gr. í skýrslunni „The future we want“.

Markmið 15 – Líf á landi

- 15.1 - Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.
- 15.2 - Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.
- 15.3 - Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurrkum og flóðum, og unnið að því að koma á jafnvægi milli hnignunar og endurheimtar lands í heiminum.
- 15.5 - Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.
- 15.6 - Stuðlað verði að sanngjarnri og jafnri skiptingu ávinnings af nýtingu erfðaauðlinda og eðlilegum aðgangi að slíkum auðlindum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum.
- 15.8 - Gripið verði til ráðstafana eigi síðar en árið 2020 til að koma í veg fyrir aðflutning á gengra, framandi tegunda og dregið verulega úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni. Tegundunum efst á lista verði útrýmt eða útbreiðslu þeirra eða fjölgun stýrt.
- 15.9 - Eigi síðar en árið 2020 verði tekið tillit til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætla og í öllu þróunarferli, skýrslugerðum og aðgerðum til að draga úr fátækt.

Markmið 16 – Friður og réttlæti

- 16.1 - Dregið verði verulega úr hvers kyns ofbeldi og dauðsföllum sem rekja má til þess.
- 16.3 - Réttarríkið verði eftt á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi og tryggt verði jafnt aðgengi allra að réttarkerfinu.
- 16.5 - Dregið verði verulega úr hvers kyns spillingu og mútum.

Markmið 17 – Samvinna um markmiðin

- 17.2 - Hátekjuríkin standi að fullu við skuldbindingar sínar um opinbera þróunaraðstoð, meðal annars þá skuldbindingu margra þeirra að láta 0,7% af vergum þjóðartekjum renna til þróunarlanda og 0,15–0,20% af vergum þjóðartekjum renna til þeirra sem eru skemmst á veg komin. Þau ríki sem veita opinbera þróunaraðstoð verði hvött til þess að setja sér það markmið að láta a.m.k. 0,20% af vergum þjóðartekjum renna til þróunarlanda sem eru skemmst á veg komin.
- 17.3 - Kallað verði eftir viðbótarfjármagni hvaðanæva að til handa þróunarlöndum.
- 17.10 - Stuðlað verði að alþjóðlegu og opnu viðskiptakerfi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem byggist á réttlátu og marghliða regluverki með jafnræði að leiðarljósi, þar sem meðal annars verði stefnt að því að ljúka Doha-viðræðunum.

17.17 - Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi.